

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. apríl 2005 – 111. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

visir

ÞRIÐJUDAGUR



SÝKNU EÐA VÆGARI DÓM Sakborningarnir þrír í líkfundarmálinu kröfðust ýmist sýknu eða mildunar refsingar þegar mál þeirra var tekið fyrir í Hæstarétti í gær-morgun. Sjá síðu 4

VIÐRÆÐUR FLJÓTLEGA Heather Conley, aðstoðarráðherra í bandaríska utanríkisráðuneytinu, segir nýjar viðræður um framhald varnarsamningsins hefjast mjög fljótlega. Í uppstokkun herstöðvakerfis Bandaríkjamanna verði tekið tillit til tvíhliða samningsskuldbindinga við Íslendinga. Sjá síðu 4

STRÍÐSHANSKANUM KASTAÐ Íhaldsmenn kalla Tony Blair lygara og frjálshyndir krefjast þess að hann upplýsi um samskipti þeirra Goldsmith lávarðar, ráðgjafa ríkisstjórnarinnar, í aðdraganda innrásarinnar í Írak. Sjá síðu 6

VEDRIÐ Í DAG



FREMUR ÞUNGBÚIÐ Skúrir sunnan til, þokusúld fyrir norðan og austan en þurr að kalla í höfuðborginni. Hiti 3-11 stig, mildast Suðvestanlands. Sjá síðu 4.

DAGURINN Í DAG



BOÐ OG BÖNN Boð og bönn í auglýsingum verða til umræðu á hádegisverðarfundum ÍMARK á Nordica Hótelu í hádeginu. Rætt verður um auglýsingar Umferðarstofu, auglýsingar um óholla fæðu og bann á auglýsingum hér og í nágrannalöndum.

Kvikmyndir	30	Myndlist	28
Tónlist	28	Íþróttir	24
Leikhús	28	Sjónvarp	32

82%

20-49 ára karla á sv-horninu
lesa Fréttablaðið á föstu-
dögum.*

Þeir eru m.a. að sækja
í bílauglýsingar í smá-
auglýsingum – og það nýta
bílasölur sér.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ

Framsókn undirbýr nýtt
eftirlaunafrumvarp

Óljósar afleiðingar breytinga á lögum um eftirlaun æðstu embættismanna gætu komið í veg fyrir að lögunum verði breytt. Verið er að kanna það í forsætisráðuneytinu hvaða möguleikar eru til staðar lagalega. Málið var rætt á þingflokksfundi framsóknarmanna í gær en ekki sjálfstæðismanna.

EFTIRLAUNAMÁLID Forsætisráðuneytið kannar nú lagalegar afleiðingar þess ef lögum um eftirlaun ráðherra og þingmanna yrði breytt. Þingflokkur Framsóknarflokksins ræddi málið á þingflokksfundi í gær.

Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, segir að í forsætisráðuneytinu sé vinna í gangi við frumvarp til breytinga á lögunum líkt og boðað hafi verið.

Hjálmar segir að fyrirhugaðar breytingar á lögunum verði ekki þau ákvæði sem breyttust við samþykkt eftirlaunafrumvarpsins svokallaða fyrir tveimur árum, heldur eldri ákvæði sem í

ljós kom þá að voru til staðar.

Spurður hvort ekki þurfi samþykki beggja flokka til að leggja fram stjórnarfrumvarp um breytingar á lögunum sagði Hjálmar að varast beri að oftúlka ummæli Davíðs Oddssonar um málið. „Ég held að hann hafi verið að skirskota til eftirlaunafrumvarpsins sjálfs sem samþykkt var fyrir tveimur árum en hitt var eldri ákvæði sem þingið hafði ekki áttað sig á fyrir en þarna,“ sagði Hjálmar og áréttaði að það væri nú til skoðunar.

Frá því að Fréttablaðið sagði frá því í frétt í janúar að sjö fyrrverandi ráðherrar þæðu sautján milljónir í eftirlaun auk þess að vera á



DAVÍÐ OG GEIR H. HAARDE
Sjálfstæðismenn telja lagabreytingu geta brotið gegn eignarrétti.

launum hjá ríkinu hafa orðið miklar umræður um málið. Þverpólitísk sátt varð um það í kjölfarið – ef sjálfstæðismenn eru undanskildir – að breyta þessu ákvæði í lögunum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins óttast sjálfstæðismenn afleiðingar lagabreytinga og vilja því sem minnst hrófla við lögunum. Þeir benda á að samkvæmt eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar megi ekki taka rétt af mönnum sem þeir hafi þegar áunnið sér samkvæmt lögum.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins ræddi málið ekki á fundi sínum í gær að sögn þingflokksformannsins, Einar K. Guðfinssonar. „Eftirlaunalögin voru samþykkt fyrir tveimur árum og því engin ástæða til að ræða þau á þingflokksfundi nú,“ sagði Einar.

- sða
Sjá síðu 14

ÞORSKI LANDAÐ Á AKRANESI Oddur og Hinrik Hinrikssynir og Björn Oddsson lönduðu í gær 1.800 kílóum af þorski úr Bresa AK 101 á Akranesi. Þremmenningarnir fengu 1.800 kíló í net sem þeir lögðu deginum áður. Hér sjást þeir mæla þorskinn. Fari hann yfir sjö kíló fá þeir 240 krónur fyrir kílóíð, ella minna. Fyrr í gær fundaði forstjóri Hafrannsóknastofnunar með þingmönnum um stöðu þorskstofnsins. Sjá síðu 2

Þýskir þingmenn spurðu utanríkisráðherrann út úr tímunum saman:

Þjarmað að Joshka Fischer

ÞÝSKALAND, AP Joshka Fischer, utanríkisráðherra Þýskalands, mátti í allan gærðag svara spurningum þingmanna um fyrirmæli sín um útgáfu vegabréfs-áritana til erlendra ferðamanna sem andstæðingar hans segja að hafi orðið til þess að opna austur-evrópskum glæpamönnum leið inn í Þýskaland og þar með á

allt evrópska efnahagssvæðið.

Málið hefur reynst Fischer afar erfitt, hann mætti í þýska þingið klukkan tíu í gær til að bera vitni og svaraði spurningum langt fram yfir kvöldmat.

Fyrir fimm árum fyrirskipaði Fischer að rýmkað skyldi á reglum um útgáfu vegabréfaáritana. Í kjölfarið varð auðveldara fyrir

íbúa Austur-Evrópu að komast til Þýskalands og að sögn nýttu úkraínskir glæpamenn sér það meðal annars til mansals. Fischer viðurkenndi að hann hefði gert mistök en sagði það mjög orðum aukið að glæpamenn hefðu nýtt sér aðstöðuna, glæpatíðni í Þýskalandi bæri þess ekki vitni. ■

Glæpaalda í Svíþjóð:

Enn finnast lík
á víðavangi

GOTLAND Lögreglan á Gotlandi glímir nú við enn eitt morðmálið í Svíþjóð. Mikið hefur verið um morð í landinu á undanförunum vikum og hafa lík fórnarlambanna fundist niðurgrafin á víðavangi.

Upp komst um síðustu morðin þegar lík af manni og konu fundust í málargryfju á sunnanverðu Gotlandi. Lögreglan á Gotlandi hefur staðfest að um hjón á fimmtusaldri er að ræða. Þau sátust síðast fyrir rúmri viku.

Fram hefur komið að hjónin höfðu sætt hótunum upp á síðkastið eftir að þau báru vitni í glæpamálum og leikur grunur á að morðin hafi verið framin í hefndarskyni. ■

Finnskur barnaníðingur:

Misnotaði
445 drengi

FINNLAND Finnskur karlmaður er grunaður um að hafa misnotað 445 drengi í Taílandi á fimmtán ára tímabili.

Maðurinn var handtekinn þegar hann kom heim úr ferðalagi til Taílands í janúar síðast liðnum. Reynist maðurinn sekur er þetta eitt stærsta glæpamál sem upp hefur komið í Finnlandi þegar lítið er til fjölda fórnarlamba í málinu.

Við húsleit heima hjá manningum fundust dagbækur þar sem hann skráði lýsingar á drengjum sem hann hafði misnotað á ferðum sínum til Taílands. Dagbækur mannsins ná aftur til ársins 1989 og því er ljóst að hann hefur stundað iðju sína í minnst hálfan annan áratug. ■



SPURNING DAGSINS

Stefán, kom nafnið Ragnheiður Erla til greina?

„Þótt við dómarar séum sjálfhverfir er þetta ekki tengingin, heldur heitir dóttir mín eftir langömmu sinni.“

Stefán Pálsson, dómari í Gettu betur, eignaðist dóttur á dögunum og var henni gefið nafnið Ólína. Ólína Þorvörðardóttir skólameistari er einn af forverum Stefáns í dómarasæti.

Runólfur Ágústsson: Tvær þjóðir í einu landi

FIARSKIPTI Íslendingar verða tvær þjóðir í einu landi ef ekki verður gerður skurður í að byggja upp fjarskiptamöguleika á landsbyggðinni, sagði Runólfur Ágústsson, rektor við Viðskiptaháskólann á Bifröst, við útskrift kvenna í atvinnurekstri á landsbyggðinni.

Runólfur gagnrýndi hvort tveggja slakar nettengingar á landsbyggðinni og hugmynd um að byggja upp marga háskóla og rannsóknarstofnanir á einum stað. „Þekkingarsamfélagið Ísland verður að taka yfir allt Ísland en ekki einstaka hundaþúfu, hvort sem hún heitir Vatnsmýri eða eitthvað annað.“

- bþg

Meintir hryðjuverkamenn:

Neita öllum sakargiftum

MADRÍÐ, AP Réttarhöldin yfir 24 meintum al-Kaída-liðum á Spáni sem grunaðir eru um að hafa skipulagt hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001 standa nú sem hæst. Í gær bar Sýrlendingurinn Imad Yarkas vitni en honum er gefið að sök að hafa sett á fót sellu öfgamanna þar sem lagt var á ráðin um illvirkin. Hann harðneitaði öllum sakargiftum.

Eini Spánverjinn í hópnum, Luis Jose Galas, bar einnig vitni í gær en hann kvaðst vera friðelskandi múslimi sem mótmælti árasunum á sínum tíma. Hann þvörtók fyrir að hafa dvalið í þjálfunarþúðum al-Kaída í Indónesíu.

Krafist er 75.000 ára fangelsdóms yfir mönnunum. ■

Undirheimar Akureyrar:

Foreldrar óttaslegnir

FÍKNIEFNI Margir foreldrar á Akureyri hafa undanfarna daga hringt í Foreldrahúsið í Reykjavík og fengið ráðgjöf í kjölfar þess að 17 ára piltur á Akureyri var fyrir rúmri viku skotinn ellefu skotum með loftbyssu. Elísa Wíum, starfsmaður Foreldrahússins, segir ótta hafa gripið um sig á meðal þeirra foreldra á Akureyri sem eiga börn sem nota fíkniefni og fólk viti ekki hvernig það eigi að bregðast við. „Við gefum ekki upp nöfn eða tölur en ég get þó sagt að svo virðist sem mikil fíkniefnaneysla sé á Akureyri núna og hafi verið í nokkurn tíma. Foreldrar eru hræddir um að börn

sín verði fyrir barðinu á handrúkkurum og skuldin þarf ekki alltaf að vera há,“ segir Elísa.

Starfsmenn Foreldrahússins ráðleggja foreldrum eindregið að greiða ekki fíkniefnaskuldir barna sinna heldur leggja fram kærur verði þau fyrir áreiti. „Þeir eru samt margir sem ekki þora að kæra og borga frekar. Hættan er þá að fíkniefnasalarnir gangi á lagið og láni börnunum meiri fíkniefni og ég veit dæmi þess að fólk hafi misst íbúðir sínar að lokum,“ segir Elísa.

TÓL TIL FÍKNIEFNANEYSLU

Gosdrykkjaflöskur og toppar úr topplyklasettum eru algeng tól til neyslu fíkniefna.



Djúp gjá milli sjónarmiða

Hrygningarstofn þorsksins nær sér ekki á strik. Það veldur því að illa gengur að auka afrakstursgetu stofnsins, segja talsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar. Þingmaður segir þá víkja sér undan ábyrgð.

SJÁVARÚTVEGUR „Þetta eru sömu gömlu lummurnar“, sagði Magnús Þór Hafsteinsson þingmaður Frjálslynda flokksins eftir fund sjávarútvegsnefndar Alþingis með fulltrúum Hafrannsóknastofnunar í gær. „Talsmenn Stofnunarinnar kenna öðrum um hvernig komið er eins og venjulega. Þeir virðast ekki reiðubúnir til þess að taka upp nýja starfshætti, nálgast viðfangsefnið á nýjan hátt. Hvað til dæmis með loðnuna? Mætti takmarka veiðar á henni og auka hugsanlega fæðuframboð fyrir aðrar tegundir?“ Magnús ítrekar þá skoðun sína að forsvarsmenn stofnunarinnar ættu að segja af sér. „Fullreynt er að ráðgjöf þeirra skilar engum ávinningi í auknum veiðiheimildum eða bættu ástandi þorskstofnsins.“

Jóhann Sigurjónsson forstjóri Hafrannsóknastofnunar mótmælir orðum Magnúsar. „Við segjum aðeins að hrygningarstofninn sé of lítill vegna of þungrar sóknar. Ekki þarf annað en að líta á aldurssamsetninguna í stofninum. Á 30 árum hafa verið veidd um 1,3 milljónir tonna úr þorskstofninum umfram ráðgjöf okkar. Við erum vitanlega huginn yfir því líka hvers vegna viðsnúningur til hins betra er ekki hraðari í þorskstofninum en raun ber vitni.“

Guðjón Hjörleifsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður Sjávarútvegsnefndar seg-



SJÁVARÚTVEGSNEFND VIÐ UPPHAF FUNDAR

Skiptar skoðanir eru innan sjávarútvegsnefndar Alþingis um stöðu þorsksins. Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins, krefst afsagnar þeirra sem stjórnað hafa fiskveiðum en stjórnarliðar segja enga þörf á því.

ir að fundurinn með talsmönnum Hafrannsóknastofnunarinnar hafi verið upplýsandi. „Þeir áætla að stofnvisitala þorsksins verði svipuð og í fyrra. Ýsan sé hins vegar á góðri uppleið. Enn er eftir að vinna úr upplýsingum sem togararallið gefur. Hvað sem þessu líður er gott að hafa umræður opnar um þetta en engin

lausn að hrópa á götuhornum líkt og Magnús Þór Hafsteinsson fulltrúi Frjálslynda flokksins í sjávarútvegsnefnd hefur gert.“ Undir þetta tekur Hjálmar Árnason fulltrúi Framsóknarflokksins í sjávarútvegsnefnd og bendir á afar lélegan árgang 2001 og aftur í fyrra.

johannh@frettabladid.is

Eignir og hagsmunatengsl:

Kristinn fyrstur

STJÓRNMÁL Kristinn H. Gunnarsson varð fyrstur þingmanna Framsóknarflokksins til að birta opinberlega upplýsingar um eignir og hagsmunatengsl í samræmi við reglur sem þingflokkurinn setti sér í gær.

Upplýsingarnar birti Kristinn á vef sínum, kristinn.is. Þar kemur fram að hann eigi engin hlutabréf, stofnsjóðsinneignir eða húsnæði annað en til eigin búsetu. Þá segist hann hvorki stunda atvinnustarfsemi aðra en þingstörf né hafa þegið boðsferðir eða gjafir. Kristinn tiltekur að hann sé formaður stjórnar Tryggingastofnunar. - bþg

Stefnuræða Pútíns:

Reyndi að róa fjárfesta

MOSKVA, AP Vladimir Pútín, forseti Rússlands, flutti í gær sjöttu stefnuræðu sína.

Hann eyddi mestu þúðri í að fullvissa fjárfesta um að gráðugir embættismenn, óstöðugt efna hagsástand og umfangsmiklar skattrannsóknir heyrðu sögunni til. Hann lagði áherslu á að helsta verkefni sitt væri að byggja upp frjálst lýðræðisþjóðfélag byggt á evrópskum hugmyndum.

Stjórnmalaskýrendur tóku ræðunni með fyrirvara enda eru einungis tveir dagar þar til dómur verður kveðinn upp yfir Mikhaíl Khodorkovsky, aðaleiganda Yukos-olíufélagsins. Margir telja rannsókn stjórnvalda vera af pólitískum rötum runna. ■



VLADIMIR PÚTÍN

Stúdentaráð:

Skortir aukið fjármagn

HÁSKÓLI ÍSLANDS Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt ályktun þar sem skýrslu Ríkisendurskoðunar um úttekt á Háskóla Íslands er fagnað. Í skýrslunni kemur fram að skólinn hafi staðið sig vel miðað við það fjármagn sem hann hafi haft úr að spila en skorti aukið fjármagn.

„Auk þess kemur fram að hann fái ekki greitt fyrir kennslu mörg hundruð virkra nemenda. Á þetta hefur forysta stúdenta og Háskólayfirvöld bent ítrekað undanfarin ár en mætt litlum skilningi yfirvalda.“ ■

Umboðsmaður Alþingis:

Uppsögn á röngum forsendum

UMBODSMAÐUR Kona, sem vann hjá Tollstjóranum í Reykjavík, var látin skrifa undir uppsagnarbréf á röngum forsendum, samkvæmt nýframkomnu áliti Umboðsmanns Alþingis.

Tveir yfirmenn konunnar höfðu gefið henni kost á að segja upp starfi sínu í ljósi ávirðinga sem á hana voru bornar. Færi hún ekki að því íhugaði embættið að veita henni lausn frá starfi án áminningar.

Umboðsmaður segir í áliti sínu, að sér virðist sem það hefði verið forsenda þess að ákveðið var að gefa konunni kost á því að segja upp starfi sínu að heimilt hefði verið að segja henni upp án áminningar. Hann telji hins vegar ótvírætt að ekki hafi verið skilyrði í



máli konunnar til að víkja frá almennri reglu laga um opinbera starfsmenn, en þar er kveðið á um skyldu til að áminna ríkisstarfsmann og gefa honum kost á að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp. Umboðsmaður telur því að ætla meg, að konan hafi ritað undir uppsagnarbréfið á röngum forsendum. Hann beinir þeim til mælum til tollstjórans að mál konunnar verði tekið til athugunar á ný með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem rakin eru í álitinu og að afstaða verði jafnframt tekin til þess hvernig rétta meg hlut hennar.

-jss

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS Trygvi Gunnarsson beinir þeim til mælum til tollstjórans að mál konunnar verði tekið til athugunar á ný.

Háskólanám allt árið!

Viðskiptaháskólinn á Bifröst mun frá og með næsta hausti bjóða þeim nemendum sem það kjósa að ljúka námi til BS eða BA gráðu á tveimur árum í stað þriggja með því að leggja stund á nám allt árið.



VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN

BIFRÖST

Frekari upplýsingar:

www.bifrost.is

Stjórnenda og leiðtogaskóli í 87 ár

Þú getur valið allt þetta hjá Símanum

Síminn hefur á boðstólum allt sem þú þarft til að vera í góðu sambandi og þú hefur frelsi til að velja þá þjónustu sem þér hentar.

Þitt er
valið



GSM*

- Veldu þér vin með **GSM síma** og talaðu við hann í allt að **1200 mínútur** á mánuði án þess að greiða mínútuverð. Núverandi Símaavinir gilda ef þú hefur þegar skráð þig.
- Veldu þér vin með **heimasíma** og talaðu við hann í allt að **1200 mínútur** á mánuði án þess að greiða mínútuverð.
- Veldu þér vin með heimasíma í einu af þeim **30 löndum** sem við höfum mest samskipti við og talaðu við hann í **120 mínútur** á mánuði án þess að greiða mínútuverð.



HEIMASÍMI

- Veldu þér vin með **heimasíma** og talaðu við hann í allt að **1000 mínútur** á mánuði án þess að greiða mínútuverð.
- Veldu þér vin með **GSM síma** og fáðu **50% afslátt** af mínútuverði.
- Veldu þér vin með heimasíma eða GSM í **útlöndum** og fáðu **50% afslátt** af mínútuverði.



INTERNET**

- Veldu þér leið:
- Leið 1
Þú færð **ADSL 1000** með **1 GB niðurhali** og einu netfangi á **3.990 kr.** á mánuði.
 - Leið 2
Þú færð **ADSL 2000** með **3 GB niðurhali** og þremur netföngum á **4.990 kr.** á mánuði.
 - Leið 3
Þú færð **ADSL 6000** með **ótakmörkuðu niðurhali**, öryggisþakka og fimm netföngum á **5.790 kr.** á mánuði.



MEIRA

- Viðskipavinir Internet-þjónustu Símans geta spilað einn **nýjan tölvuleik** í hverjum mánuði á siminn.is. Þessi þjónusta er innifalin.
- Viðskiptavinum Símans bjóðast mánaðarlega **betri kjör og sértilboð** sem birtast í fréttabréfinu Síminn til þín. Allar nánari upplýsingar á siminn.is/frettabref

Kynntu þér málin á siminn.is, í næstu verslun Símans eða í síma 800 7000.

Ofangreindir afslættir taka gildi 1. maí 2005.

* Upplýsingar fyrir Frelsisnotendur: Nýir vinir í heimasíma og útlöndum gilda fyrir Frelsisnotendur ef þeir fylla á rafrænt og greiða 500 kr. Frelsisáskrift með kreditkort. Afsláttur til Frelsisnotenda af GSM- og heimasímaþjónunum miðast við 60 mínútur eða SMS á dag og tekur hann gildi á næstu dögum. Skráðu þig á siminn.is og við látum þig vita þegar afslátturinn tekur gildi.

**Til að njóta þeirra kjara sem Internetþjónustan býður upp á þarftu að hafa GSM númer hjá Símanum.

Við hjálpum þér
að láta það gerast

Síminn

GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 25.04.2005			
		KAUP	SALA
 Bandaríkjadalur	USD	62,84	63,14
 Sterlingspund	GBP	120,17	120,75
 Evra	EUR	81,52	81,98
 Dönsk króna	DKK	10,94	11,01
 Norsk króna	NOK	9,99	10,05
 Sænsk króna	SEK	8,90	8,96
 Japanskt jen	JPY	0,59	0,60
SDR	XDR	95,25	95,81
Gengisvísitala krónunnar			
112,49 +0,52%			
Heimild: Seðlabanki Íslands			



HEITT Í HAMSÍ
Félagi í flokki Allawi var óhress með að flokkur hans hefði verið útilokaður frá þátttöku í stjórnninni.

Stjórnarmyndun: Ennþá er allt í hnút

BAGDAD, AP Hvorki gengur né rekur í stjórnarmyndunarviðræðunum í Írak. Þessa stundina er deilt um þá ákvörðun Ibrahim al-Jaafari, leiðtoga Dawa-flokksins og verðandi forsætisráðherra, að útiloka flokk Iyad Allawi, forsætisráðherra bráðabirgðastjórnarinnar, frá þátttöku í ríkisstjórninni. Allawi og félagar hans hlutu 40 þingsæti í kosningunum í janúar og höfðu gert sér vonir um að fá veigamikil ráðherraembætti.

Á meðan berast landsmenn á banaspjótum. 29 hafa farist í sprengjuárásum víða um land síðustu daga, þar á meðal fórust 23 í bílsprengjuárás fyrir utan ísbúð í Bagdad á sunnudaginn. ■

■ MIÐ-AUSTURLÖND

VERKAMENN GERA UPPREISN 700 bangladesskir verkamenn réðust inn í sendiráð Bangladess í Kúvætborg á sunnudag til að mótmæla marga mánaða drætti á launagreiðslum. Talið er að mörg hundruð þúsund manns frá Austurlöndum fjær starfi í olíuríkjunum við Persaflóa en réttindi þeirra eru fótum troðin að mati mannréttindasamtaka.

Líkfundarmálið fyrir Hæstarétt: Premenningarnir krefjast sýknu

DÓMSMÁL Tveggja og hálfs árs refsingar er krafist yfir Jónasi Inga Ragnarssyni, Grétari Sigurðssyni og Tomasi Malakauskas í líkfundarmálinu svokallaða en aðalmeðferð í Hæstarétti hófst í gær.

Ákæran er í þremur liðum, þremenningarnir eru ákærðir fyrir innflutning á fíkniefnunum, fyrir að hafa ekki komið Vaidasi Jucivicius til hjálpar í neyð og að lokum fyrir illa meðferð á líkinu.

Verjandi Tomasar sagði skjólstæðing sinn viðurkenna að hafa átt þátt í innflutningnum á fíkniefnunum en krafðist sýknu af hinum ákæruliðunum. Grétar Sigurðsson var eini ákærandinn sem var viðstaddur málflutninginn og krafðist hann sýknu af öllum ákæruliðum. Verjandi Jónasar krafðist einnig sýknu eða að minnsta kosti lækkunar á refsingu.

Verjandi Grétars sagði að þremenningarnir hefðu ekki



VIÐ HÖFNINA Í NORÐFIRÐI
Lík Vaidasar fannst í bátahöfn í Norðfirði. Premeningarnir sem komu því þar fyrir telja sig ekki seka um slæma meðferð á líki.

getað gert sér grein fyrir þeirri neyð sem Vaidas var í þar sem Vaidas sjálfur hefði ekki verið

meðvitaður um að hann væri í bráðri lífshættu.

-jse

Viðræður hefjast mjög fljótlega

Heather Conley, einn aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir viðræður um framhald varnarsamningsins hefjast mjög fljótlega. Tekið verður tillit til tvíhliða skuldbindinga við uppstokkun herstöðva Bandaríkjahers.

UTANRÍKISMÁL Nýjar viðræður um framhald tvíhliða varnarsamnings Bandaríkjanna og Íslands munu hefjast innan skamms. Þetta segir Heather Conley, sem er einn aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna og er stödd hér á landi vegna ráðstefnu bandarískra sendiherra á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Conley átti í gær samráðsfundi með fulltrúum íslenskra stjórnvalda. Davíð Oddsson utanríkisráðherra hitti hún þó ekki fyrr en í kvöldverðarboði sem hann hélt bandarísku sendiherrunum í gærkvöld.

„Við deilum sannarlega þeirri ósk með íslenskum stjórnvöldum að farið verði í þessar viðræður eins fljótt og unnt er. Það er mjög mikilvægt fyrir báðar ríkisstjórnir að þetta mál verði leyst sem allra fyrst,“ sagði Conley er Fréttablaðið innti hana eftir stöðu viðræðnanna um varnarsamstarfið. Hún sagði utanríkisráðherraskiptin í kjölfar forsetakosninganna vestra í vetur hafa valdið töfum á því að viðræðurnar við Íslendinga hefust á ný. Í fyrri lotum þessara viðræðna kom í ljós að utanríkisráðuneytið í Washington hafði aðrar áherslur í því sambandi en varnarmálaráðuneytið. Conley fullyrðir að þegar næst verður sest til samninga við Íslendinga verði stefna Bandaríkjastjórnar óskipt og heilsteyp.



TILLIT TEKIÐ TIL TVÍHLIÐA SKULDBINDINGA
Heather Conley segir Keflavíkurstöðina njóta sérstöðu í herstöðvakerfi Bandaríkjanna í Evrópu.

Komið hefur fram að í boðaðri allsherjaruppstokkun herstöðvakerfis Bandaríkjahers verði herstöðvum í Vestur-Evrópu fækkað til muna og fjöldi bandarískra hermanna í þeim skorinn niður um allt að 60 prósent frá því sem nú er. Spurð hvort þessi uppstokkun muni með beinum hætti snerta starfsemi varnarstöðvarinnar í Keflavík svarar Conley að það komi í ljós, en tekur skýrt fram að í því ferli verði tekið tillit til

tvíhliða samningsskuldbindinga Bandaríkjanna gagnvart Íslendingum; að því leytinu gildi annað um herstöðina hér en aðrar herstöðvar Bandaríkjahers í Evrópu.

Spurð um mál Bobbys Fischers ítrekaði Conley að bandarísk stjórnvöld hörmuðu að Íslendingar skyldu hafa hindrað framgang bandarískrar réttvísí með því að veita honum ríkisborgararétt hérlendis.

audunn@frettabladid.is

Átök í Nepal Ráðist gegn skæruliðum

KATMANDU, AP Stjórnarherinn í Nepal hóf í gær stórsókn gegn uppreisnarmönnum í landinu og létu þýrlur meðal annars sprengjur rigna yfir búdir þeirra.

Hreyfing kommúnista hefur um skeið stýrt nokkrum héruðum landsins og jafnvel innheimt skatta og framfylgt eigin lögum. Eftir að fréttist af grimmdarverkum þeirra gegn óbreyttum borgurum skáru yfirvöld upp herör gegn þeim. 170 skæruliðar hafa látist í átökum síðustu vikur.

Gyanendra konungur er hins vegar sjálfur sagður vera óvandur að meðulum. Eftir að hann tók sér alræðisvald í febrúar hefur Nepal einangrast á alþjóðavettvangi og erlendri aðstoð við landið verið hætt. ■

■ BANDARÍKIN

BUSH RÆÐIR UM BENSÍNVERÐ Abdullah, krónprins í Sádi-Arabíu, hitti bandaríska ráðamenn á búgarði George W. Bush í Texas í gær þar sem verðlag á olíu var til umræðu. Bush hvatti Abdullah til að stórauka olíuframleiðsluna en Sádi-Arabar eru mestu olíuframleiðendur heims. Búist er við verðlækkun.

UMFERDARÖNGÞVEITI VEGNA OSTS Vöruflutningabíll með fullfermi af osti valt á hraðbraut í Indiana-ríki. Osturinn þeyttist um allan veginn og því varð að loka honum í nokkra klukkutíma á meðan þríf stöðu yfir. Slysíð varð vegna óvarkárni bílstjórans þegar hann stillti útvarpið. Enginn meiðsl urðu þó á fólki.

■ MIÐ-AUSTURLÖND

SÝRLENDINGAR Á BROTT FRÁ LÍBANON Aðeins eru um 300 sýrleskir hermenn eftir í Líbanon en 14.000 manna herliði þeirra er að mestu á brott. Yfirmaður öryggismála í Líbanon lét af störfum, hann var talinn hallur undir Sýrleendinga.



ÓTVÍRÆÐIR YFIRBURÐIR
Gerðu fyrst gæðasamanburð. Svo skaltu gera verðsamanburð.

LEGACY
Subaru Legacy Wagon sjálfskiptur

Verð nú **2.460.000**

Verð á mán **29.447,-***


Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

*Bílasamningur með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Veðrið

FREMUR SÓLARLITIÐ
Það verður heldur þungubúið yfir landinu ef marka má spár dagsins, þó sú gula geti stungið upp kollinum hér og hvar, ef til vill einkum vestan til. Einhver væta verður austan og suðaustan til, á annesjum nyrðra og á Vestfjörðum, annars úrkumulítið. **NÆSTA HELGI?** Hann mun anda af norðri með lítilsháttar úrkomu víða um land og fremur svölu veðri. Hitinn á Vestfjörðum gæti orðið rétt yfir frostmarki, annars 3-6 stig, mildast syðst.

Um hádegi í dag



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	9°C skýjað	Paris	15°C skýjað	Alicante	22°C skýjað
Oslo	14°C skýjað	Berlin	14°C skýjað	Milano	16°C léttskýjað
Stokkhólmur	13°C heiðskirt	Amsterdam	14°C skýjað	New York	19°C léttskýjað
Helsinki	10°C skýjað	Madrid	23°C skýjað	San Francisco	18°C léttskýjað
London	15°C alskýjað	Barcelona	18°C heiðskirt	Orlando/Florida	30°C þrumur

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

•• Veldu þann sem þér þykir bestur!

V16 extra

- 4 Mb/s hraði
- 2GB erlent niðurhal
- 3 pósthöng
- 1,99 kr. MB umfram erlent niðurhal

! Afnot af þráðlausum beini án endurgjalds*
! 999 kr. inneign á tónlist.is

Allt þetta á aðeins

3.890 kr.
á mánuði allt innifalið!

4Mb/s
extra

ADSL V16

V20 extra

- 6 Mb/s hraði
- 5 pósthöng

! Afnot af þráðlausum beini án endurgjalds*
! 999 kr. inneign á tónlist.is

Allt þetta á aðeins

5.490 kr.
á mánuði allt innifalið!

6Mb/s
extra

ADSL V20

V24 extra

- 8 Mb/s hraði
- 5 pósthöng

! Afnot af þráðlausum beini án endurgjalds*
! 999 kr. inneign á tónlist.is

Allt þetta á aðeins

5.890 kr.
á mánuði allt innifalið!

8Mb/s
extra

ADSL V24

•• Ótakmarkað
niðurhal!



Kíktu við í næstu BT verslun og fáðu þér
áskrift eða hringdu í síma **588-1234** og við
sendum þér búnaðinn forstilltann og tilbúinn til
notkunar þér að **kostnaðarlausu!**

•• **hafðu hraðann á
taktu fleiri bita!**



BTnet





KJÖRKASSINN

Ætlaðu til sólarlanda í sumar?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](#)

Já	31%
Nei	69%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að þvinga fámenn sveitarfélög til að sameinast fjölmennari sveitarfélögum?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun

[visir](#)

300.000 börn eru þvinguð til hermennsku:

Stúlkurnar eru hin gleymdu fórnarlömb

HERNAÐUR Tæpur helmingur barna sem þvinguð eru til að taka þátt í stríðsátökum er stúlkur. Í hernaðinum eru þær beittar margvíslegu ofbeldi og að átökum loknum eiga þær erfiðara en piltar með að laga sig að þjóðfélaginu á ný.

Mannúðarsamtökin Save the Children hafa birt ítarlega skýrslu um þær hörmungar sem stúlkur sem neyddar eru til að taka þátt í hernaði verða fyrir. Þær yngstu eru allt niður í átta ára gamlar. Af þeim 300.000 börnum sem talin eru þvinguð til hermennsku víða

um heim er tæplega helmingur stúlkur. Ýmsir hópar sem ríkisstjórnir á Vesturlöndum styðja misnota börn á þennan hátt.

Breska dagblaðið The Independent greinir frá því að á meðan á átökunum stendur eru stúlkurnar oft teknar herfangi, þeim nauðgað og misþyrmt á ýmsa vegu. Eitt helsta vandamálið er að þegar átökunum sleppir þá eiga stúlkurnar mun erfiðara með að aðlagast þjóðfélaginu á ný og fást síður til að taka þátt í endurhæfingarverkefnum sem alþjóða-



ÖMURLEG ÆSKA

Í sumum löndum eru börn allt niður í átta ára gömul neydd til að gegna hermennsku. Tæpur helmingur þeirra er stúlkur.

stofnanir standa fyrir í stríðs-
hrjádum löndum. Ein af ástæðun-
um er sú að á meðan piltum er
fagnað sem hetjum fyrir þátttöku

sína þá verða stúlkurnar fyrir að-
kasti og fyririrltningu. Oft neyðast
þær til að sjá fyrir sér með vandi.

-shg

Konungsfjölskyldur: Von á nýjum ríkisörfum

KÓNGAFÓLK Nýr danskur ríkisarfi er væntanlegur í heiminn í haust og undir áramót er fjölgunar von í norsku konungsfjölskyldunni.

Danska konungsfjölskyldan tilkynnti í gær að María krónprinsessa, eiginkona Friðriks prins ríkisarfa, væri ófrísk og ætti von á barni í lok október.

Norska konungsfjölskyldan vildi ekki vera eftirbátur granna sinna í Danmörku og tilkynnti snarlega að Hákon krónprins og Mette-Marit krónprinsessa ættu von á öðru barni sínu í desember. Fyrsta barn þeirra hjóna og ríkisarfi í Noregi er Ingiríður Alexandra prinsessa, sem fæddist í janúar í fyrra. ■

Íraksmálin aftur í brennidepli

Íhaldsmenn kalla Tony Blair lygara og frjálsslyndir krefjast þess að hann upplýsi um samskipti þeirra Goldsmith lávarðar, ráðgjafa ríkisstjórnarinnar, í aðdraganda innrásarinnar í Írak.

BRETLAND Aðvaranir Goldsmith lávarðar, fyrrverandi lögfræðilegs ráðunautar bresku ríkisstjórnarinnar, um vafasamar lagastöðir Íraksstríðsins eru þegar farnar að hafa áhrif á kosningabaráttuna í Bretlandi. Frjálsslyndir demókratar hafa fært sér upplýstranirnar í nyt enda hefur fylgi við þá aukist samkvæmt skoðanakönnunum.

Brotin úr minnisblaði Goldsmith



VERKAMENN VERJAST

Tony Blair sést hér á blaðamannafundi í höfuðstöðvum Verkamannaflokksins ásamt þeim Gordon Brown og John Prescott. Á fundinum átalði hann stjórnarandstæðinga fyrir að ráðast að sér persónulega í stað þess að halda sig við málefni.

lávárðar sem birtist í dagblaðinu Mail on Sunday í fyrradag hafa vakið mikla athygli en þau sýna fram á að Blair var kunnugt um hæpnar lagalegar forsendur fyrir innrásinni í Írak vorið 2003.

Goldsmith benti meðal annars á að það væri öryggisráð Sameinuðu þjóðanna en ekki Tony Blair sem ætti að ákveða hvort Saddam Hussein hefði gerst brotlegur við ályktanir þess og að ekki væri kveðið nægilega fast að orði í ályktun ráðsins númer 1441 til að hún réttlæti innrás. Lávarðurinn gaf hins vegar á síðustu stundu út nýtt álit þar sem innrásin var réttlætt og við það segist hann standa.

Stjórnarandstæðingar eru þegar farnir að færa sér málið í nyt. Frjálsslyndir demókratar, sem frá upphafi mótmæltu innrásinni, krefjast þess að óháð rannsókn fari fram á embættisfærslum forsætisráðherrans. Charles Kennedy, leiðtogi frjálsslyndra, segir að kosningararar muni í raun snúast um traust kjósenda á Blair og hvetur hann til

að upplýsa um alla þætti málsins til að hreinsa andrúmsloftið.

Íhaldsmenn eiga erfiðara um vik því þeir studdu innrásina á sínum tíma. Michael Howard, leiðtogi þeirra, lét sig þó ekki muna um að kalla Tony Blair lygara í sjónvarpsþætti á BBC í fyrradag.

The Guardian hermír að Verkamannaflokkurinn muni reyna að snúa vörn í sókn með því að hamra á því að hefði Charles Kennedy verið við völd væri Saddam Hussein ennþá forseti Íraks.

Nýjustu skoðanakannanir benda til þess að afstaða frjálsslyndra demókrata í málinu sé þegar farin að bera ávöxt. Í YouGov-könnun sem dagblaðið Daily Telegraph birti í gær kemur fram að fylgi við þá hafi vaxið um þrjú prósentustig og sé nú 24 prósent. Verkamannaflokkurinn fengi 37 prósent atkvæða og stendur í stað en íhaldsmenn dala örlítið og fá 33 prósent. Bretar ganga að kjörborðinu á fimmtudaginn í næstu viku.

[sveinng@frettabladid.is](#)

Lóðarhafar í Lambaseli:

Heimilt að veðsetja fyrr

REYKJAVÍK Reglur um veðsetningu lóða við Lambasel í Reykjavík hafa verið rýmkaðar. Lóðarhöfum er nú heimilt að veðsetja lóðirnar fyrr en áður og á það að auðvelda þeim að fjármagna framkvæmdirnar.

Í úthlutunarskilmálum í Lambaselinu segir að lóðarhafar geti fengið leyfi til að setja byggingarréttinn að veði fyrir að hámarki 90 prósentum af kaupverði byggingarréttarins, sem er 3-4 milljónir eftir því hvernig lóðin er. Þegar brunabóta-

mat hússins liggi fyrir verði veitt veðleyfi fyrir 80 prósentum af brunabótamatinu.

Fyrir helgina var ákveðið að miða við endurstofnverð byggingarinnar á fokheldisstigi í stað brunabótamats. Endurstofnverðið er lægri upphæð en brunabótamat af fullbúnu húsi en í staðinn getur lánið komið aðeins fyrr.

Ágúst Jónsson, skrifstofustjóri á umhverfis- og tæknisviði, segir að þetta gefi fyrr möguleika á veðsetn-

Starfsendurhæfing: Ein miðstöð

HEILBRIGÐISMÁL Sjö manna starfshópur um starfsendurhæfingu hefur lagt til við Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Árna Magnússon félagsmálaráðherra að komið verði á fót einni miðstöð fyrir starfsendurhæfingu í stóð fyrir ráðstefnu um starfsendurhæfingu.



ÁRNI MAGNÚSSON

Ráðuneyti félagsmála stóð fyrir ráðstefnu um starfsendurhæfingu.

Tillögurnar voru opinberlega kynntar á norrænni ráðstefnu um starfsendurhæfingu sem fram fór hér á landi.

Markmið starfsendurhæfingar er að afstýra því að fólk verði öryrkjar. Samkvæmt gögnum Tryggingastofnunar var örorkulífeyrir greiddur 12.011 einstaklingum á síðasta ári en árið áður fengu 11.199 einstaklingar greiddan örorkulífeyri. Öryrkjum fjölgaði því milli ára um 812 einstaklinga eða um rúm 7%.

-jss

Morðið í Kristjaníu:

Grunaður handtekinn

KAUPMANNAHÖFN Danska lögreglan hefur handtekið 25 ára gamlan mann í tengslum við morðarsína í Kristjaníu á fimmtudag.

Grímuklæddir menn hófu þar skyndilega skothríf á hóp manna með þeim afleiðingum að einn lést og þrír særðust alvarlega.

Ódæðismennirnir flúðu af vettvangi á tveimur bílum og er maðurinn sem lögreglan hefur í haldi eigandi annars bílsins.

Talið er að orsök árásarinnar sé uppgjör milli glæpahópa vegna deilna um verslun með eiturylf. ■

TÉKKLAND

GROSS LÆTUR AF EMBÆTTI Stanislav Gross, forsætisráðherra Tékklands, lét af embætti í gær. Nokkrar vikur eru síðan hann lýsti því yfir að hann hygðist segja af sér eftir að upp komst að blaðamaður fjármagnaði íbúðar-kaup hans. Jiri Paroubek tók í gær við embættinu og hefur þegar myndað nýja stjórn.



LÓÐIR VIÐ LAMBASEL

Borgin hefur nú breytt veðsetningareglunum þannig að lóðarhafar geta veðsett lóðirnar fyrr. Þetta á að auðvelda fjármögnun.

ingu. Þegar húsið sé fullbúið fái lóðarhafar lóðarleigusamning og geti þá veðsett eins og þeir vilja.

-ghs

VERÐ
12.900.-

ÓDÝRASTI

Brother HL2030

LASERPRENTARINN

Skrifstofumarkaður:
Hallarmúla 2-4, **Reykjavík**, sími 540 2060
Hafnarstræti 91-93, **Akureyri**, sími 461 5050

Verslanir Pennans:
• Akranesi • Akureyri • Hafnarfirði
• Ísafirði • Keflavík • Kópavogi
• Reykjavík • Selfossi • Vestmannaeyjum

Penninn

[www.penninn.is](#)

ÚTSALA

Á ERLENDUM BÓKUM

35-70%
afsláttur

bóksala stúdenta
[www.boksala.is](#) Stúdentahéimilinu v/Hringbraut – s: 5 700 777

Grand
öryggi

Grand
gæði

Grand
styrkleiki

Grand Vitara Limited er glæsilegur bill hlaðinn búnaði. Til viðbótar við ríkulegan staðalbúnað Grand Vitara, er Limited útgáfan meðal annars með leðuráklæði á sætum, "Limited" álfelgum, vindskeið með hemlaljósi, þokuljósum í framstuðara, viðaráferð á mælaborði og krómuðum hurðarhúnum og grilli.



Grand Vitara Limited

Verð:

Beinskiptur kr.

2.640.000

27.044

á mánuði*

Sjálfskiptur kr.

2.790.000

29.206

á mánuði*



HUGTOK Apr-05

* bílasamningur gildir með 30% átborgun og eftirstöðvum í 84 mánuði.
50% íslenskar kr / 50% erlend mynt

Komdu í reynsluakstur, þú verður ekki fyrir vonbrigðum og verðið það hefur aldrei verið hagstæðara.



SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 51 00.
www.suzukibilar.is



VEISTU SVARID?

- 1 Hverja unnu Íslandsmeistarar FH í Atlantic-bikarum?
- 2 Hvaða íslensku bækur urðu hlutskarpastar í kosningu barna um vinsælustu barnabókina?
- 3 Hvaða prestur sendi kaþólsku kirkjunni tóninn í predikun sinni?

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Forstjóri Fangelsismálastofnunar:

Bíður niðurstöðu ráðuneytis

FANGELSISMÁL Framkvæmdaáætlun Fangelsismálastofnunar er enn til athugunar í Dómsmálaráðuneytinu, að sögn Valtýs Sigurðssonar forstjóra stofnunarinnar. Hann segist telja biðina eftir niðurstöðum í dögum en ekki vikum. „Þetta er framkvæmdaáætlun upp á 1,8 - 2 milljarða króna,“ sagði hann. „Hluta verður varið í verulegar endurbætur á fangelsunum á Akureyri, Litla - Hrauni og Kvíabryggju. Þá er áætlað að bygging nýs fangelsis á Hólmsheiði kosti 1,2 milljarða.“

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu er gert ráð fyrir að á Hólmsheiði verði reist öryggis-

og vinnufangelsi. Þar verði afeitrunar- og meðferðardeild, sjúkra-deild og gæsluvarðhaldsdeild. Þar verði hægt að gera menn hæfa til að fara í meðferð í upphafi afplánunar og ljúka henni án vímuefna. Valtýr sagði að allt væri undir fangelsismálunum nú. Frumvarpið sem lægi fyrir Alþingi gerði ráð fyrir breyttri stefnu og áherslum. Vonandi færi að skýrast hvernig því reiddi af, en það væri nú í allsherjarnefnd.

-jss

ENDURBÆTUR

Fangelsið á Akureyri verður endurbætt fyrir um 170 milljónir króna samkvæmt áætlun Fangelsismálastofnunar. Myndin er úr einum klefa þess.



Þorp Alcoa Fjarðaáls:

Kallað FTV

REYÐARFJÖRDUR Þorp starfsmanna Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði gengur í daglegu tali undir nafninu FTV upp á enskan máta, sem stendur fyrir Fjarðaál Team Village. Ragna Hreinsdóttir, tengiliður verkalyðs-hreyfingarinnar milli starfsmannanna og fyrirtækisins, telur að finna þurfi íslenskt heiti fyrir þorpið.

Ragna sagði í Hádegisútvarpi Fréttablaðsins í gær að talað væri um staðinn þar sem þorpið rís sem „úti í Haga“, þannig að kannski kæmi til greina að kalla þorpið Haga. Í það minnsta sé ljóst að finna þurfi íslenskt heiti.

-ghs

FORELDRAR ÆFIR YFIR PRESTI SEM SPURÐI FERMINGARBÖRNUM HVORT ÞAU FRÓUÐU SÉR

Prestur barði fermingarbarn í höfuðið með kústi

Faðirinn vill ekki ferma aftur hjá prestinum

DV – hefur þú séð DV í dag?



LESTIN HAFNAÐI Á ÍBÚÐARHÚSI
Grunur leikur á að óreyndur lestarstjórinn hafi ekið lestinni á ofsahraða.

Að minnsta kosti 57 manns farast í lestarslysi í Japan og 440 slasast:

Lestarvagnarnir flöttust nánast út

AMAGASKI, AP Í það minnsta 57 fórust og 440 slösuðust í miklu lestarslysi í Japan í gærmorgun. Talið er að óreyndur lestarstjórinn hafi ekið lestinni allt of hratt með þeim afleiðingum að hún þeyttist út af sporinu.

Sneisafull lestin var á ferðinni í nánd við Amagasaki, um 400 kílómetra vestur af Tókýó, en 580 farþegar eru sagðir hafa verið um

borð. Á augabragði tókst hún nánast á loft og flaug út af sporinu og hafnaði á níu hæða fjölbýlishúsi. Tveir af sjö vögnum lestarinnar krömdust upp við húsvegginn og flöttust nánast út.

Sjúkralið kom þegar á vettvang og reyndi að bjarga því sem bjargað varð en svo virðist sem að minnsta kosti 57 manns hafi látist og 440 slasast, margir alvarlega.

Flest bendir til að 23 ára gamall lestarstjórinn hafi ekið lestinni á ofsahraða en aðeins nokkrir mánuðir eru liðnir síðan hann fékk réttindi til að stjórna slíku farartæki. Allt bendir til að lestin hafi hreinlega þeyst út af sporinu en til þess þurfti hún að vera á í það minnsta 133 kílómetra hraða á klukkustund.

Þetta er mannskæðasta lestarslysi í Japan síðan 1961. ■



FRÁ MINNINGARATHÖFNINI

Karl Bretaprins ræðir við Helen Clark, forsætisráðherra Nýja-Sjálands. John Howard, forsætisráðherra Ástralíu, sat hins vegar þöglur með konu sinni.

Gallipoli:

Harmsögu minnst

TYRKLAND, AP Í gær voru liðin níutíu ár síðan einn mannskæðasti bardagi heimsstyrjaldarinnar fyrri hófst, orrustan á Gallipoli-skaga í Tyrklandi. Þúsundir manna minntust atburðarins í Canakkale í Tyrklandi í gær.

Á sínum tíma freistuðu herir bandamanna þess að leggja skagann undir sig og þar með ná yfirráðum yfir siglingaleiðinni í gegnum Dardanellasund og að lokum Istanbul. Stór hluti hermanna sem sendur var á vettvang var frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Aðgerðin misheppnaðist gjörsamlega og áður en yfir lauk lágu ríflega 300.000 manns í valnum, flestir þeirra Tyrkir. ■



MEGANE
RENAULT CRÉATEUR D'AUTOMOBILES

LÝSING



Frá **19.900** kr. á mán.*



Mónaðargjaldur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun.

Þeir sem koma í Renault reynsluakstur fá opinn bíómiða.

Miðinn gildir á allar sýningar Laugarásbíó til 31. ágúst nk.

Boðið gildir eins lengi og miðar endast.

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is



Með bílinn handa þér

Framsýning á Evrópugerð af Grand Cherokee 2005



KAUPTU EKKI KÖTTINN Í SEKKNUM
BJÓÐUM EVRÓPUGERÐIR MEÐ 24 MÁN.VERKSMIÐJUÁBYRGÐ



2ja ára verksmiðjuábyrgð - Sérhæft þjónustuverkstæði með bilanaleitatölvu sem tryggir vönduðvinnubrögð

Eigum á lager nokkra Jeep Grand Cherokee
árg. 2005, Evrópugerðir með 2ja ára
verksmiðjuábyrgð

Verð frá kr. 4.680.000.-



Studiobilar ehf. Sími: 5400 800 / 540 6700 Fax: 5400 801 Smiðsbúð 2
210 Garðabær - E-mail: studiobilar@studiobilar.is

Opið mánud.-föst. kl.9-18 laugard. kl.12-16

www.studiobilar.is

...bara á
flugfelag.is

27. apríl - 3. maí

Milli Reykjavíkur og

AKUREYRAR
5.699 kr.

Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og

EGILSSTAÐA
6.699 kr.

Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og

ÍSAFJARÐAR
5.499 kr.

Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og

VOPNAFJARÐAR/
ÞÓRSHAFNAR
7.299 kr.

Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og

GRÍMSEYJAR
6.299 kr.

Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!

Fargjald fyrir börn 1 króna!

Gildir aðra leiðina fyrir börn að 12 ára aldri, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun (við bætist flugvallarskattur og tryggingargjald, samtál 440 kr.)

flugfelag.is

Eigandi Opera Software:

Verður að synda til Ameríku

NOREGUR Nú hefur komið á daginn að hinn hálfíslenski eigandi og forstjóri tölvufyrirtækisins Opera Software í Noregi, Jón Stephenson von Tetzchner, verður að standa við stóru orðin og synda til Ameríku frá Noregi.

Þegar ný útgáfa af Operavefvafranum, sem lagt hefur grunninn að velgengni Opera Software, var kynnt á dögunum sagðist Jón mundu synda til Ameríku ef ein milljón notenda sækti vafrann á netið fyrstu fjóra dagana eftir að hann var settur á markað.

Tölur sýna að ein milljón og fimmtíu þúsund manns sóttu



vafrann á þessu tímabili og í framhaldinu hefur Jón verið krafinn um að standa við stóru orðin.

Jón hefur í samtölum við norska fjölmiðla sagst munu leggjast til sunds og að hann muni koma við á Íslandi hjá móður sinni á leiðinni til að fá sér heitt kakó.

- ssal

JÓN STEPHENSON
Undirbýr Ameríkusund með viðkomu á Íslandi



VÍDALÍNSKIRKJA Í GARÐASÓKN

Harðar deilur eru í sókninni. Sóknarprestur sakaði samstafsmenn um aðför að sér. Á móti var hann meðal annars sakaður um að vera ófær um eðlileg samskipti og að orðfæri hans sæmi ekki stöðu hans.

Sagður hafa vanrækt ýmis störf sín

Séra Hans Markús Hafsteinsson hefur legið undir þungum ásökunum í Garðasókn. Hann hefur ekki ákveðið hvort hann áfrýi úrskurði úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar. Málið verður rætt á safnaðarfund.

PRESTADEILUR Séra Hans Markús Hafsteinsson sóknarprestur í Garðaprestakalli misnotaði stöðu sína til að fá stuðning og samúð sóknarbarna með því að koma trúnaðargögnum til þeirra. Þetta kemur fram í úrskurði úrskurðunarnefndar Þjóðkirkjunnar. Einnig telur nefndin að hann hafi brotið af sér í starfi með því að senda vinnuveitenda eiginmanns djáknaans bréf með stimpli Garðasóknar. Reyndi hann þannig að koma höggi á eiginmann djáknaans en hann hafði áreitt sóknarprestinn með smáskilaboðum úr farsíma.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri stætt á öðru en séra Hans Markús yrði fluttur til í starfi vegna aga- og siðferðisbrota. Matthías G. Pétursson sóknar-

formaður og Arthur Farestveit varaformaður sögðu í kærinni til úrskurðarnefndar að séra Hans Markús hefði flæmt fólk frá störfum við sóknina auk þess sem hann væri ófær um eðlileg samskipti við samstarfsfólk. Þannig á hann til dæmis að hafa hagrætt sannleikanum til að ná þeirri niðurstöðu í málum sem honum væri þóknanleg.

Séra Hans Markús er jafnframt sagður hafa vanrækt ýmis störf sem hann átti að inna af hendi. Sóknarnefndarmaður, sem ekki vildi láta nafns síns getið, sagði að annað starfsfólk hefði farið að vinna störfin fyrir prestinn og síðan farið að „kóa“ með honum.

Í kærinni kemur fram að þeir Matthías og Arthur telja að orð-

færi séra Hans Markúsar sé ekki sæmandi manni í hans stöðu. Þannig á hann til dæmis að hafa brugðist svo harkalega við þegar Nanna Guðrún Zoëga djákni bar fram kvörtun á hendur honum á sóknarfund að Arthur varð að skerast í leikinn og stöðva séra Hans Markús af áður en ummæli hans færu að verða svo meiðandi að það kynni að hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Boðað hefur verið til safnaðarfundar um málið í Kirkjuhvoli á fimmtudagskvöld. Formaður sóknarnefndar hyggst kynna niðurstöðu úrskurðarnefndar og leyfa fyrirspurnir og umræður. Ekki stendur þó til að álykta um málið.

jse@frettabladid.is

Áreittur með afsörum hönskum og smáskilaboðum:

Sóknarprestur lagður í einelti

KIRKJUDEILUR Séra Hans Markús Hafsteinsson sóknarprestur í Garðaprestakalli segir að hann hafi þurft að þola ögrandi smáskilaboð og hótanir í kjölfar samstarfsörðugleika í Garðasókn. Við athugun kom í ljós að skilaboðin komu frá síma í eigu eiginmanns Nönnu Guðrúnar Zoëga djákna sem séra Hans Markús hefur átt í útistöðum við. Einnig hefur honum borist umslag sem í voru afklipptir fingur af hanska.

Nanna Guðrún hefur beðist velvirðingar fyrir hönd eiginmanns

síns vegna smáskilaboðanna en hún segist engan þátt eiga í þeim sjálf. Hvað viðvikur afklipptu fingrunum segist hún ekki kannast við það mál nema að því leyti að hún hafi heyrt séra Hans Mark-

ús tala um sendinguna.

Sóknarpresturinn kærði eineltið til úrskurðunarnefndar Þjóðkirkjunnar sem síðan taldi sannanir ónægar í málinu.

Um samstarfsörðugleikana segir séra Hans Markús: „Hún kvartaði til dæmis undan því við sóknarnefnd að ég bauð henni með mér á fund en hún kveðst hafa séð það á mér að ég hafi ekki meint það. Þetta lýsir því best um hverskonar sparatínslu er að ræða.“

-jse

SÉRA HANS MARKÚS HAFSTEINSSON
Séra Hans Markús segist þakklátur fyrir þann stuðning sem hann hefur fengið hjá sóknarbörnum sínum sem meðal annars hafa opnað vefsíðu honum til stuðnings.



Samvinnuverkefni fimm fyrirtækja:

Rafræn viðskipti í sjávarútvegi

UPPLÝSINGATÆKNI Maritech, Brim, SH, Eimskip og Síminn hafa í samstarfi þróað hugbúnaðarlausn sem byggir á rafrænum samskiptum á milli upplýsingakerfa sjávarútvegsfyrirtækja, flutningsaðila og seljenda. Tilgangurinn er að auka öryggi og hraða í samskiptum, koma í veg fyrir tvíverknað og lækka kostnað.

Lausnin byggir á að upplýsingar eru slegnar aðeins einu sinni inn í tölvu og fluttar á milli upplýsingakerfa en móttakandinn bætir við nýjum upplýsingum eftir því sem við á og sendir áfram á næsta fyrirtæki.

Fulltrúar fyrirtækjanna fimm

kynntu hugbúnaðarlausnina á Akureyri fyrir helgi og í máli Kristjáns Hjaltasonar, framkvæmdastjóra SH þjónustu, dótturfélags SH, kom fram að með þessari nýjung væri sjávarútvegurinn kominn í fremstu röð hvað varðar rafræn viðskipti. „Þetta er mikil einföldun og mikil breyting frá þeim vinnubrögðum sem tíðkast hafa. Samstarf fyrirtækjanna fimm hefur skapað lausn sem aðrir aðilar í viðskiptum og í upplýsingatækni geta byggt á,“ sagði Kristján.

- kk

SAMHUGA HÓPUR Með nýrri samskiptalausn sem kynnt var á Akureyri fyrir helgi eru samskipti fyrirtækja færð til nútímalegs horfis.



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Framkvæmdirnar á Reyðarfirði: Hæg mann-fjölgun

REYÐARFJÖRÐUR Mannfjölgunin á Reyðarfirði fer hægar af stað en búist var við. Búist var við að straumurinn hæfist í apríl til maí en nú er ljóst að aðeins 20 til 30 starfsmenn fluttust til landsins í apríl. Talið er að straumurinn liggi til landsins í maí og júní.

Í þorpinu FTV, eða Fjardaráll Team Village, skammt utan við Reyðarfjörð búa nú um 300 manns en gert er ráð fyrir að íbúar þar verði um 800 í lok ársins. Á næsta ári verður svo enn meiri fjölgun en þá komast framkvæmdirnar á fullan skrið.

- ghs

Fasteignaverð í Kaupmannahöfn: Svipað og í Reykjavík

HÚSNÆÐISMÁL Fasteignaverð í Danmörku er á stöðugri uppleið ekki síður en á Íslandi. Verðlag hefur tvöfaldast síðan 1995 og talið að það hafi hækkað um 11-12 af hundraði síðasta árið.

Mest er hækkunin á Kaupmannahafnarsvæðinu þar sem fermetraverð íbúðarhúsnæðis er komið í um 180 þúsund krónur, en það er svipað og meðalverðið í Reykjavík.

Sérfræðingar telja allar líkur á að fasteignaverð haldi áfram að hækka í Danmörku, þrátt fyrir spár um hið gagnstæða. ■



VOTTORÐIÐ AFHENT Hilmar Snorrason, skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna, og Kjartan J. Kárasón, framkvæmdastjóri Vottunar hf.

Slysavarnaskóli sjómanna: Vottorð fyrir gæðastjórnun

SKÓLAMÁL Slysavarnaskóli sjómanna hefur fyrstur skóla á Íslandi fengið vottorð því til staðfestingar að skólinn starfræki gæðakerfi sem sæmræmist kröfum gæðastaðalsins ÍST EN ISO 9001:2000.

Vottorðið tekur til reksturs skólans til að annast fræðslu um öryggis- og björgunarmál sjófarenda. Vinna við gerð gæðastjórnunarkerfisins hefur staðið yfir síðastliðin 3 ár.

Slysavarnaskóli sjómanna er í eigu Slysavarnafélagsins Landsbjargar og er hann staðsettur í skólaskipinu Sæbjörgu.

- th

■ KASAKSTAN

GEIMFAR SNÝR HEILU OG HÖLDNU HEIM Rússneskt geimfar lenti heilu og höldnu nærri Arkalyk í Kasakstan í gær. Um borð voru þrír geimfarar frá Rússlandi, Bandaríkjunum og Ítalíu en þeir fyrstnefndu höfðu dvalið í alþjóðlegu geimstöðinni síðan í október.

■ DANMÖRK

DANSKIR UNGLINGAR SOFA OF LÍTIÐ Ný rannsókn leiðir í ljós að um helmingur danskra unglinga á aldrinum 14-15 ára sefur að hámarki sjö og hálfa klukkustund á nóttu. Ástæðurnar eru meðal annars sjónvarpsgláp, tölvuleikir og mikil símanotkun. Afleiðingar geta verið þyngdaraukning, streita og námserfiðleikar.

Stjörnustríðsleikur SPRON er hafinn á snilld.is

STAR WARS

EPISODE III

REVENGE OF THE SITH



PÚ GÆTIR UNNIÐ:

- Bíómiða fyrir tvo á Star Wars
- Spannandi varning merktan Star Wars
- Flug, gistingu og miða fyrir tvo á heimsfrumsýningu Star Wars Episode III – Revenge of the Sith Dregið 6. maí

Snilldarkort SPRON tryggir þér rétt til þátttöku og um leið möguleika á sérlega spennandi vinningum. Það eina sem þú þarft að gera er að skrá netfangið þitt á Snilld.is og nota Snilldarkortið.

Áttu ekki Snilldarkort?

Allir sem sækja um Snilldarkort SPRON fá bíómiða fyrir tvo á sérstaka forsýningu Star Wars á Íslandi og flottan svartan bakpoka að gjöf*. Notaðu svo kortið fyrir 6. maí, skráðu netfangið á Snilld.is og þú ert með í leiknum.

*Á meðan birgðir endast

Allt um Snilldarkortið og leikinn á snilld.is og í síma 550 1200/550 1400

Snilld.is  **– fyrir allt sem þú ert**

HVAD ER AÐ FRÉTTA? JENS ANDRÉSSON, FORMAÐUR SFR

Lífið snýst um kjarasamninga


„Líf mitt snýst um að klára kjarasamninginn sem gerður var milli okkar og fjármálaráðherra 5. mars,“ segir Jens Andrésson, formaður SFR, stéttarfélags í almannaþjónustu. Nú er unnið með sjálfseignarstofnanir segir Jens en ferlið er þannig að ríkið semur fyrst fyrir sína starfsmenn og síðan gera sjálfseignarstofnanir þann samning að sínum. Það þurfi þó að gerast með sérstöku samkomulagi og um það snúist vinnan þessa dagana. Stefan er að ljúka þeirri vinnu fyrir miðjan næsta mánuð, segir Jens svo að allt komi til útborgunar 1. júlí.

„Svo er maður að undirbúa 1. maí, alþjóðlegan baráttudag verkalyðsins, þar sem gengið verður fylktu liði



með fánaborg niður á Ingólfstorg,“ segir Jens sem fer í kröfugönguna á hverju ári. Hann segir daginn hafa mikla þýðingu fyrir sig. Hann vekir til umhugsunar um það, hverju samtakamátturinn hafi þokað en um leið hve mikið sé ógert í hinum stóra heimi í stéttarfélagsbaráttunni. Þá er Jens að undirbúa ferðalag með konunni sinni til Brussel í byrjun maí. Jens segir ferðina hefjast sem afslöppunarferð en enda sem vinnuferð. Hann ætlar á ráðstefnu sem Evrópusamtök stéttarfélaganna í opinberri þjónustu halda um ákveðna tegund af einkavæðingu sem hefur verið að ryðja sér til rúms innan Evrópusambandsins.

SVONA ERUM VIÐ



ÁRÍÐ 2002 voru tólf prósent kvenna og þrettán prósent karla yfir kjörþyngd. Karlmonnum yfir kjörþyngd fjölgaði um sex prósent frá árinu 1990 en konum um þrjú prósent.

Heimild: Hagstofnan

SJÓNARHÓLL LAUSAGANGA OFBELDISSEGGJA



GUÐLAUG ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR


Beint í steininn brjóti þeir skilorð

„Það er fánalegt að ofbeldismenn sem brjóta skilorð á jafn svívirðilegan hátt fái að ganga lausir áfram,“ segir Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir leikkona. Í síðustu viku komst það í fréttir þegar handrukkarar á Akureyri neyddu unglingspilt til að berhátta sig á viðavangi og skutu hann margsinnis með loftbyssu en fautarir voru á skilorði. „Ég hélt að skilorðsbundin refsing væri til þess gerð að menn væru teknir úr umferð ef þeir brytu af sér.“ Guðlaug segist vera uggandi yfir fréttum af skipulögðum ofbeldisverkum, sem hún heldur að fari vaxandi. „Ég held að það hljóti allir að hafa áhyggjur af þessu. Ég hef ekki heyrt af svona óhugnaði eins og átti sér stað fyrir norðan.“ Guðlaug telur að hugsanlega þurfi að endurskoða lagarammann með það að leiðarljósi að lögreglan eigi betra með að taka á handrukurum og öðrum ofbeldisseggjum. „Það þarf að finna lausnir til að svona fantar gangi ekki lausir.“

Einu sinni í viku stendur börnum af erlendum uppruna til boða að mæta í Alþjóðahúsi Rauða krossins við Hverfisgötu og fá aðstoð við heimalærdóm og íslenskunám. Sjálfboðaliðar halda kennslunni uppi.

„Við hittumst á mánudögum yfir vetrarmánuðina, yfirleitt frá klukkan þrjú til að ganga sex,“ segir Einar Tjörvi Elíasson, verkfræðingur og sjálfboðaliði. „Að jafnaði sækja hingað um tíu börn á aldrinum níu til fimmtán ára. Þau koma hvaðanæva að úr heiminum, en flest eru þau frá Asíu; Víetnam, Srí Lanka og Taílandi. Færni þeirra er misjöfn eins og gefur að skilja. Sum þeirra tala sæmilega íslensku en önnur nær enga og við reynum að aðstoða þau eftir bestu getu.“

Einar segir sjálfboðaliðana koma úr öllum áttum. Margir séu fyrrum kennarar sem hafi látið af störfum, háskólanemar komi mikið að starfinu sem og ungt menntað fólk. „Þetta er ákaflega gefandi starf og maður lærir sjálfur heilmikið af börnunum, ekki síður en þau læra vonandi af okkur. Maður lærir hverjar þarfir þeirra eru og



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

ÚR ALÞJÓÐAHÚSI Börnunum stendur til boða að mæta vikulega yfir vetrarmánuðina í Alþjóðahúsið við Hverfisgötu.

hverju þau hafa mestar áhyggjur af, sem er oftast en ekki íslenskan.“

Einar Tjörvi kom fyrst að sjálfboðaliðastarfi Rauða krossins fyrir fjórum árum þegar stoðkennslan var nýhafin. Hann var þá nýlega sestur í helgan stein. „Ég hef verið virkur í skátastarfi um áratugaskeið og alltaf haft gaman af félagsstarfi. Ég vann lengi hjá Orkustofnun og starfs míns vegna ferðaðist ég víða erlendis og umgekkst mikið af fólki frá Afríku, Asíu og Mið-Evrópu. Þegar ég heyrði af þessu verkefni vildi ég bjóða fram krafta mína.“ Einar er líka giftur norskri konu og

þekkir það af hennar reynslu hversu erfitt það getur verið að ná tökum á málinu. „Svo býr dóttir mín í Bandaríkjunum og sonur minn er giftur írskrí konu. Þetta er afskaplega alþjóðleg fjölskylda,“ grínast hann.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í sjálfboðastarfi Rauða krossins geta leitað sér upplýsinga á heimasíðu samtakanna, redcross.is.

bergsteinn@frettabladid.is

EINAR TJÖRVI ELÍASSON Hefur lengi verið virkur í ýmsu félagsstarfi og var fljótur að bjóða fram krafta sína þegar hann frétti af stoðkennslunni.



Landssamband kúabænda:

Dustar rykið af landsins stærsta grilli

„Við erum að græja þetta fyrir sumarið og ætlum að grilla slatta,“ segir Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, en sambandið á landsins stærsta grill sem hægt er að steikja heilt naut á.

„Við skellum því upp á kerru þannig að það verður hægt að festa það við hvaða fjölskyldubíl sem er og aka þangað sem fólk vill heilgrillað naut.“ Snorri og félagar heilgrilluðu tvö naut fyrir Menningarnótt í fyrra, en Snorri vonast til að geta gert betur í ár. Einn skrokkur ætti að duga fyrir um þúsund manns.



SNORRI SIGURÐSSON Viðurkennir að hann grillar stundum lamb.

Heimagrillinu leggur Snorri hins vegar aldrei. „Ég bý í veðurparadísinni Hvanneyri og get

grillað allan ársins hring,“ segir hann og viðurkennir með semingi að stundum fari nú annað en naut á kolin. „Ég tek eitt og eitt lambalæri og slengi því á. En það er

ekkert sem toppar gott og vel grillað naut. Það er líka lang auðveldast að elda það, það rýkur ekkert úr því og svoléidis vesen.“

-bs



FRÁ MENNINGARNÓTT Heilgrillaða nautið mæltist vel fyrir hjá þeim sem gæddu sér á því á Menningarnótt í fyrra.



Rekstrarvörlustinn er kominn út

TUNELUS RV2039

Glerfínar gluggafilmur
– aukin vellíðan á vinnustað



Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is





VILL ÞETTA EINHVER? Benedikt XVI páfi hampar stytta af Maríu mey.



SKORSTEINN Maður þarf ekki að vera mjög gildur til að festast í strompi.

Óheppinn innbrotsþjófur: Fastur í strompi

Hann var óheppinn 19 ára innbrotsþjófurinn sem ætlaði að láta greipar sópa á mannlausu heimili í Reno í Bandaríkjunum á föstudag. Þar sem gluggar og hurðir voru kirfilega læst greip þjófurinn til þess úrræðis að klífa upp á þak og láta sig síga niður strompinn. Það fór þó ekki betur en svo að drengurinn festist á miðri leið og komst hvorki afturábak né áfram. Hann greip þá á það ráð að kalla á hjálp af lífs og sálar kröftum þannig að maður í næsta húsi varð var við og hringdi í lögregluna.

Þjófurinn ólukkulegi var svo vel fastur að brjóta þurfti niður stóran hluta skorsteinsins til að losa hann. Honum varð þó ekki meint af rúmlega tveggja tíma vistinni í strompinum og fékk að dúsa yfir nótt í fangelsi. ■

Próf í verkfræði: Haglabyssur og barnagælur

Gestum og gangandi gefst færi á að berja augum prófverkefni af námskeiðinu Tölvustýrður vélbúnaður í verkfræðideild Háskóla Íslands í dag.

Meðal þeirra tækja sem eru til sýnis er barnagælan, sem er tæki sem fest er við barnavagna og ruggar þar til barnið er sofnað. Hætti það ekki að skæla sendir tækið foreldrinu SMS. Séu menn áhugasamir um skotveiðar en leiðist útivera gæti lausnin verið fólgin í internetstýrða skotpallinum fyrir haglabyssur þar sem músarsmellur nægir til að hleypa af. Unnendur Irish-coffee fagna því sjálfsagt að verkfræðinemar hafa setið sveittir við hönnun sérstakrar Irish-coffe kaffivélar sem hellir sjálf upp á drykkinn.

Kynningin hefst klukkan 14.00 í VRÍI og verða tækin prófuð að henni lokinni. Haglabyssan verður óhlaðin.

- bs

Nýtt landslið í ökuleikni:

Annað hvort hefur maður þetta eða ekki

Íslenska landsliðið í ökuleikni strætisvagna var valið á dögum, en sex vagnstjórar komust í liðið eftir æsispennandi forkeppni. Björg Guðmundsdóttir er eina konan í liðinu í ár, en hún hefur keppt nokkrum sinnum áður fyrir Íslands hönd. „Þetta er ekki hæfileiki sem hægt er að þjálfa upp,“ segir hún. „Annað hvort hefur maður þetta eða ekki.“

Landsliðið mun etja kappi við lið hinna Norðurlandanna í sumar og hefur titil að verja. Keppnin verður haldin á Íslandi í ár. „Það eru lagðar upp þrautir þar sem við þurfum að sýna lagni okkar og

lipurð á sem stystum tíma og gera sem fæstar villur,“ segir Björg um keppnina. Björg hefur þrisvar keppt með landsliðinu hér heima og líka farið til Noregs og Finnlands og meðal annars náð silfrinu í einstaklingskeppni. Hún var fyrsta konan til að keppa í ökuleikni fyrir Íslands hönd, en ein önnur hefur gert það síðan. „Mig minnir að Danir hafi verið fyrsta liðið til að hafa konu í sínu liði, en Ísland hefur oftast haft konu í sínu liði.“ Hún kvartar ekki yfir liðsfélögunum. „Þetta eru strákarnir mínir, ég er mamma í hópnum,“ segir hún og hlær.

Þótt Björg sé innan við fimm-tugt á hún að baki 28 ára starfsferil sem vagnstjóri og keyrir nú leið 110. „Maðurinn minn hvatti mig á sínum tíma að taka meira-prófið sem ég gerði og ílentist í þessu. En þetta er lifandi og gefandi starf að ýmsu leyti og það er gott vera í kringum fólk.“

-bs



BJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR Björg var í frii frá vinnu í gær og nýtti bliðviðrið til vorverka í garðinum. Íslendingar eiga titil að verja á Norðurlandamótinu í ökuleikni.

SJÁÐU ÞETTA!!!

ALLTAF ÓDÝRARI

Listaverð: 5.999
4.999
Þú sparar 1000kr
GRAN TURISMO 4 PS 2

Listaverð: 2.699
1.999 stk
Þú sparar 700kr
PUMBA

TÍMON & PÚMBA DVD
Listaverð: 2.699
1.699
Þú sparar 1000kr
Pottþétt 37 CD

Listaverð: 3.499
2.799
Þú sparar 700kr
AC/DC FAMILY JEWELS DVD

Listaverð: 2.499
1.799
Þú sparar 700kr
OCEAN'S TWELVE DVD

Listaverð: 4.399
3.799
Þú sparar 600kr
THE SIMPSONS sería 5 DVD

Listaverð: 2.699
2.199
Þú sparar 500kr
SIMS 2 UNIVERSITY PC

Tilboðin gilda út apríl / verð geta lækkað fyrirvaraless



Hjá okkur eru næg bílastæði og gott aðgengi

Skeifunni 11d Ópið virka daga 10-18
Sími 533 1010 Laugardaga 10-14



FBL GREINING: MINNISLISTAR FYRIR KAUPENDUR OG SELJENDUR

Að mörgu að hyggja við kaup og sölu íbúðar

Pegar keypt eða seld er fasteign þarf að huga að ýmsum atriðum sem verða að vera í lagi. Á heimasíðu Félags fasteignasala er minnislisti fyrir seljendur og kaupendur og er hér stiklað á stóru úr þeim.

Yfirlýsing húsfélags
Seljendur þurfa að huga að því að samkvæmt gildandi lögum er ekki heimilt að ganga frá kaupsamningi nema fyrir liggi yfirlýsing húsfélags þar sem upplýst er um greiðslustöðu hússjóðs, væntanlegar framkvæmdir o.fl. Athuga þarf hvort kaupandi yfirtaki allar veðskuldir og ef ekki þarf að huga að því hvað skuli gera við þær. Huga þarf að því hvort til sé skipta-samningur en lögum samkvæmt þarf að vera til slíkur samningur um öll fjölbýlishús. Algengt er að slíkur samningur



hafi ekki verið gerður sérstaklega í eldri eignum. Nokkra mánuði getur tekið að gera slíkan samning en ef samningurinn er ekki til þegar eignin er seld er það kaupandans að gera hann. Ef einhver hefur forkaupsrétt á eigninni er mikilvægt að fá skrifleg svör frá forkaupsréthafa um hvort hann nýti sér eða hafni réttinum.

Pegar gefið er út nýtt fasteignaveðbréf sér viðkomandi fasteignasala yfirleitt um að láta þinglýsa. Farið er með kaupsamninginn og fasteignaveðbréfið til sýslumanns í þinglýsingu. Þetta tekur yfirleitt þrjá daga.

Gera ráð fyrir ýmsum útgjöldum
Kaupendur þurfa að greiða ýmis gjöld

við undirritun kaupsamnings. Greiða þarf lántökugjald sem er 1 prósent af upphæð fasteignaveðbréfs. Stimpilgjald þarf kaupandi að greiða annars vegar af kaupsamningi og hins vegar af fasteignaveðbréfi. Það nemur 1,5 prósentum af fjárhæð fasteignaveðbréfs. Þinglýsingarkostnaður er 1200 krónur af hverju skjali sem þinglýst er. Flestir fasteignasalar rúkka kaupendur um umsýslugjald fyrir umsýslu skjala. Þá greiðir kaupandi hluteild í fasteignagjöldum samkvæmt kostnaðaruppgjöri. Síðasta kaupsamningsgreiðslan er afhent seljanda hjá fasteignasala en ekki lögð inn á reikning. Kaupandi greiðir allan kostnað við framkvæmdir á sameign sem ráðist er í eftir að kaupilboð hefur verið samþykkt.

SPURT & SVARAÐ

OFBELDIÐ Í BORGinni UM HELGAR



GUÐRÚN HANNESDÓTTIR
Þróunarstjóri hjá Calidris.

Ógnvænleg þróun

Byssumenn ganga lausir á Akureyri og handrukkarar vaða uppi. Guðrún Hannesdóttir tölvunarfræðingur telur að ofbeldisþróunin sé ógnvænleg. **Myndirðu hleypa unglingi niður í bæ á kvöldin?** „Sjálfri fannst mér 14-15 ára gamalli eðlilegt að labba niðri í bæ á kvöldin um helgar en ég myndi ekki hleypa dóttur minni þangað í dag.“ **Hvernig á að hafa áhrif á þessa þróun?** „Það er dálítið sláandi að lesa að upp til hópna eru þetta ofbeldismenn á skilorði sem bíða eftir því að fara í steininn fyrir önnur ofbeldisverk. Ég skil ekki af hverju réttarkerfið gripur ekki inn í og stingur þeim inn í stað þess að leyfa þeim að safna ofbeldisverkum.“

Framsóknarmenn standa fastir við fyrirætlan sína að afnema rétt fyrirverandi stjórnámamanna á tvöföldum launum og ræddu það á þingflokksfundi í gær. Sjálfstæðismenn tóku málið ekki til umræðu og segja óþarfa að ræða það.

Davíð Oddsson utanríkisráðherra hefur lýst því yfir að hann telji ekki þörf á að endurskoða lög um eftirlaun þingmanna og ráðherra sem samþykkt voru í desember 2003. Hann benti jafnframt á að ákvæðið sem deilurnar standa um, um rétt þingmanna og ráðherra til að þiggja eftirlaun um leið og laun fyrir önnur launuð störf á vegum ríkisins, hefði þegar verið að finna í lögnum og því væri það ekki nýtt af nálinni. Umræðan um eftirlaunalögin vaknaði í janúar síðastliðnum þegar Fréttablaðið benti á að á síðasta ári fengu sjö fyrirverandi



DAVÍÐ OG HALLDÓR EIGA EFTIR AÐ KOMAST AÐ NIÐURSTÖÐU UM ENDURSKOÐUN EFTIRLAUNALAGANNA Davíð Oddsson utanríkisráðherra hefur lýst því yfir að hann telji ekki þörf á að endurskoða lög um eftirlaun þingmanna og ráðherra sem samþykkt voru í desember 2003. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra vill hins vegar afnema rétt fyrirverandi stjórnámamanna til tóku eftirlauna um leið og þeir eru í launuðum störfum á vegum ríkisins.

ráðherrar greiddar samtals sautján milljónir í eftirlaun þrátt fyrir að vera í fullu starfi á vegum ríkisins. Í kjölfarið hét Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra því að lögin yrðu endurskoðuð og í sama streng tóku formenn allra annarra flokka en Sjálfstæðisflokksins. Síðastliðinn laugardag skýrði Fréttablaðið frá því að ágreiningur væri milli stjórnarflokka um hvort breyta þyrfti eftirlaunalögunum. Framsóknarmenn væru staðráðnir í því að afnema ákvæðið um rétt til tvöfaldrar launa úr lögnum en sjálfstæðismenn segðu það ekki koma til greina.



SIGRÍÐUR D. AUÐUNSDÓTTIR
BLAÐAMAÐUR

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur ágreiningurinn meðal annars staðið um það hvort brotið yrði gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar ef tekinn yrði af mönnum réttur sem þeim þegar hefur verið fenginn, það er rétturinn til að þiggja eftirlaun og laun samhliða.

Framsóknarflokkurinn tók málið til umfjöllunar á þingflokksfundi í gær eins og til stóð og hefur afstaða þingmanna til endurskoðunar laganna ekki breyst, að sögn Hjálmars Árnasonar þingflokksformanns.

Einar K. Guðfinnsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, sagði að loknum þingflokksfundi í gær að málið hefði ekki verið rætt. „Enda eru þessi lög ekki ný, þau voru samþykkt fyrir tveimur árum og því ástæðulaust að ræða þau á þingflokksfundi,“ sagði hann.

Umræðan vaknaði í janúar
Halldór Ásgrímsson sagði í umræðum um eftirlaunalögin á Alþingi í janúar síðastliðnum að tilgangurinn með lögnum hefði ekki verið að bæta kjör fyrirverandi stjórnámamanna sem gegndu nú öðrum störfum hjá ríkinu.

„Breytingarnar sem voru gerðar miðuðu meðal annars að því að bæta kjör stjórnarandstöðufmannanna og gera stjórnámamönnum kleift að hætta fyrr,“ sagði Halldór þá. „Mönnum sást einfaldlega yfir þetta og ég tel rétt að taka þetta til athugunar.“ Halldór taldi jafnframt líklegt að lagabreytingu þyrfti til. Síðan þá hefur vinna staðið yfir í forsætisráðuneytinu þar sem stefnt er að smíðum stjórnarfrumvarps til breytinga á eftirlaunalögunum með það að markmiði að afnema þennan möguleika tvöfaldrar launa.

Eftirlaunaréttur rýmkaður
Helstu breytingar sem nýju eftirlaunalögin höfðu í för með sér þegar þau voru samþykkt í desember 2003 voru þær að alþingismenn og ráðherrar sem höfðu gegnt forustuhlutverki í stjórnámum um langan tíma öðluðust sérstakan rétt til að hverfa af

vettvangi þjódamála og fara á eftirlaun fyrr en annars er heimilt, við 55 ára aldur, í stað þess að leita sér starfs á vinnumarkaði. Ráðherrar öðluðust rétt til tóku eftirlauna við sextugt hefðu þeir setið sex ár á ráðherrastóli en 55 ára hefðu þeir setið á ráðherrastóli í ellefu ár. Einnig voru sett ákvæði sem skertu þessar greiðslur fram að 65 ára aldri ef sá sem nyti þeirra tæki við öðru starfi. Þetta átti að auðvelda eðlilega endurnýjun í stjórnámum og draga úr þeirri tilhneigingu að fyrirverandi forustumenn á þeim vettvangi sæktu í embætti í stjórnkerfinu til þess að ljúka starfsferli sínum.

Frumvarpið ekki afgreitt í fljót-heitum
Margir þingmenn hafa eftir að gagnrýnisráddir fóru að heyrast um lögin gripið til þeirra útskýringa að tími hafi ekki gefist til að skoða málið nægilega vel á sínum tíma. Þegar umræðurnar um frumvarpið á Alþingi eru skoðaðar kemur í ljós að Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, heldur því fram að málið hafi síður en svo verið afgreitt í fljót-heitum.

„Þetta mál er ekki afgreitt í skjóli nætur. Þessu máli er ekki hraðað á einum, tveimur klukkutímum í gegnum þingið. Það er ekki gert og stóð ekki til. Þetta mál, þegar menn hafa kynnt sér það, liggur fyrir eins og opin bók. Það eru engin leynd réttindi í þessu máli, engin. Það hlýtur að hafa heilmikla þýðingu fyrir menn sem horfa á afgreiðslu málsins,“ sagði Davíð. ■

MODERNUS				SAMRÆMD VEFMÆLING [®]			
				VIKA NR. 16: 18.04. - 24.04.			
				25 efstu eftir fjölda notenda			
	VEFUR	NOTENDUR	INNLIÐ	FLETTINGAR			
1.	visir.is	200.197	613.592	5.531.995			
2.	mbl.is	164.020	1.125.020	5.456.321			
3.	blog.central.is	102.369	415.338	2.731.788			
4.	hugi.is	94.683	193.839	1.213.008			
5.	leit.is	91.506	383.618	1.469.382			
6.	eve-online.com	67.512	270.727	3.749.364			
7.	ruv.is	46.875	117.233	486.724			
8.	barnaland.is	46.074	219.904	5.175.911			
9.	visindavefur.hi.is	16.656	21.002	76.094			
10.	bt.is	13.253	24.605	180.001			
11.	vikurfrettir.is	13.249	34.695	406.085			
12.	kvikmynd.is	12.330	21.333	411.370			
13.	doktor.is	11.994	20.720	212.593			
14.	shopusa.is	11.251	21.363	59.859			
15.	humor.is	11.215	29.675	139.714			
16.	reykjavik.is	11.047	16.005	69.296			
17.	textavarp.is	10.472	18.811	24.714			
18.	femin.is	10.390	25.268	301.540			
19.	eyjafrettir.is	7.770	16.521	50.944			
20.	althingi.is	7.706	18.310	104.409			
21.	tonlist.is	7.695	11.386	79.014			
22.	rsk.is	7.196	16.595	72.713			
23.	icetourist.is	6.635	8.467	72.226			
24.	spamadur.is	6.231	14.800	109.824			
25.	sport.is	6.123	20.640	43.431			

Sjá á www.modernus.is/sv og textavarpí Ruv síðu 631
Öllum vefjum stendur til boða að taka þátt í Samræmdri vefmælingu.

VERSLUNARÞÁÐ ÍSLANDS

Við fögnum!
20 ár í forystu
ára sérþekking a herrasnyrtivörum

BIOOTHERM
HOMME

VINNID!

**VIP lúxusferð á
Formúlu 1 Grand Prix
í Mónakó 2005 !**



Biotherm Homme hefur verið brautryðjandi og leiðandi í hönnun og framleiðslu snyrtivara fyrir karlmenn í 20 ár. Af því tilefni vilja þeir gefa viðskiptavinum sínum kost á að fagna mér sér og bjóða því einum Íslendingi möguleika á að vinna VIP helgarferð fyrir 2 á kappaksturinn í Mónakó 20. til 23. maí næstkomandi.

Það er auðvelt að taka þátt í leiknum. Það eina sem þú þarft að gera til að komast í pottinn er að fylla út þar til gert eyðublað og fara með það á einn af útsölustöðum Biotherm. Þar verður tekið vel á móti þér. Þú getur líka fengið prufur af Biotherm herra-kremum og bækling með þér heim. Þú getur einnig tekið þátt í leiknum á formúlusíðu RÚV, www.ruv.is/f1 eða á www.biotherm.is og fengið frekari upplýsingar um leikinn.

Aukavinningar eru 30 stórar Biotherm helgartöskur, 60 handklæði og 60 derhúfur.

Útsölastaðir Biotherm

Andorra,
Strandgata 32, Hafnarfjörður,
Sími: 555 2615

Bjarg,
Stíllholti 14, Akranes,
Sími: 431 2007

Bylgjan,
Hamraborg 14a, Kópavogur,
Sími: 564 2011

Debenhams,
Smáralind, Kópavogur,
Sími: 522 8000

Snyrtivöruverslunin Glæsibæ,
Álfheimar 74, Reykjavík,
Sími: 568 5170

GK snyrtistofa,
Kjarnanum Mosfellsbær,
Sími: 534 3424

Hagkaup Kringlunni,
Kringlan 4-12, Reykjavík,
Sími: 568 9300

Hygea,
Smáralins. Kópavogur,
Sími: 554 3960

Hygea,
Laugavegur 23, Reykjavík,
Sími: 511 4533

Jaspis,
Litlubrú 1, Hornafjörður,
Sími: 478 2000

Konur & Menn,
Hafnarstræti 9-13, Ísafjörður,
Sími: 456 0201

Lyf og heilsa Kringlunni,
Kringlan 4 – 12, Reykjavík,
Sími: 568 9970

Lyf og heilsa Austurveri,
Háaleitisbraut 68, Reykjavík,
Sími: 581 2101

Lyf og heilsa Mjódd,
Álfabakka 12, Reykjavík,
Sími: 557 3390

Lyf og heilsa Kjarnanum,
Austurvegi 3-5, Selfoss,
Sími: 482 1177

skoðun

**SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON**

Notkun sýklalyfja er mun meiri hér en annarsstaðar á Norurlöndum

Minni lyf – og út að ganga

Fram hefur komið í nýrri íslenskri rannsókn að minni lyfja-notkun dregur úr ónæmi fyrir sýklalyfjum. Þetta er niðurstaða Vilhjálms Ara Arasonar lækni sem rannsakað hefur notkun á sýklalyfjum gegn eyrnabólgu hjá börnum.

Það hefur lengi verið vitað að notkun á sýklalyfjum hér á landi hefur verið mun meiri en víða í nágrannalöndunum og ýmiss konar ástæður eða skýringar færðar fyrir því. Oft er það svo að sjúklingar koma til læknis án þess að um stórvægilega kvilla sé að ræða og vilja ráða bót á þeim hið allra fyrsta. Læknar hafa þá freistast til að gefa sýklalyf, þótt það hafi ekki verið bráðnaðsýnlegt til að vinna bug á kvillum. Nokkurra daga rölegheit heima og heilbriggt lífverni gæti allt eins dugað vel til að ráða bót á kvillum, en Íslendingar eru margir hverjir ópolinmóðir og vilja fá lyf við margskonar kvillum. Þetta gildir líka um foreldra með ung börn sem gjarnan fá í eyrum á fyrstu árum sínum.

” **Rannsókn Vilhjálms Ara leiddi meðal annars í ljós að sums staðar á landinu voru börn meðhöndluð við eyrnabólgu þrisvar á ári að jafnaði og fengu þau margfalt meira af sýklalyfjum en fullorðið fólk. Í augum leikmanns er þetta ótrúleg tala, en á sér sjálfsagt sínar skýringar, því eyrnabólga ungbarna getur verið mjög hvítleið.**

Rannsókn Vilhjálms Ara leiddi meðal annars í ljós að sums staðar á landinu voru börn meðhöndluð við eyrnabólgu þrisvar á ári að jafnaði og fengu þau margfalt meira af sýklalyfjum en fullorðið fólk. Í augum leikmanns er þetta ótrúleg tala, en á sér sjálfsagt sínar skýringar, því eyrnabólga ungbarna getur verið mjög hvítleið.

Í viðtali í Fréttablaðinu í gær sagði Vilhjálmur Ari: „Þetta leiddi til vaxandi sýklaónæmis meðal barna. Full ástæða er til þess að vara við þessu lyfjaónæmi. Enda hefur Heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna (WHO) skilgreint ónæmisþróunina sem meiriháttar ógn við heilsu manna í framtíðinni vegna þess að það eykur líkurnar á að ekki finnist nothæf lyf við erfiðum bakteríusýkingum.“

Rannsókn hans nær til Hafnarfjarðar, Vestmannaeyja, Bolungarvíkur og Egilsstaða. „Egilsstaðir skáru sig úr. Þar minnkaði sýklalyfjanotkunin um sextíu til sjötíu af hundraði. Samfara þessu batnaði eyrnaheilsa barna á svæði Heilsugæslustöðvarinnar. Börnum sem fengu rör í hljóðhimnur fækkaði á sama tíma og þeim fjölgaði í Vestmannaeyjum, þar sem sýklalyfjanotkunin var meiri.“

Þetta eru fróðlegar upplýsingar, sem heilbrigðisfyrirvöld ættu að nota sér, ef þau hafa ekki þegar gert það.

Mál þessu skylt er þingsályktunartillaga Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur alþingismanns og fleiri um að kannað verði hvort hreyfing geti orðið einn af kostunum í heilbrigðisþjónustu sem lækning, þannig að læknar geti vísað á hreyfingu sem meðferð við sjúkdómum á sama hátt og lyf eða lækniáðgerðir. Þetta fyrirkomulag er þegar þekkt í nokkrum nágrannalöndum okkar og læknar hér munu hafa bryddað upp á þessu. Sem betur fer þá hefur útivist og hreyfing færst mjög í vöxt hér á undanförunum árum, og nú með sumarkomu og betra veðri ætti einmitt að vera grundvöllur fyrir lækna og heilbrigðisfyrirvöld til að hvetja fólk til þess að hreyfa sig úti í stað þess að fá lyfseðil við smávægilegum kvillum. ■

	FRÁ DEGI TIL DAGS	
Aðstoðarmaðurinn fram á ritvöllinn Birgir Hermannsson vakti fyrst almennilega athygli þegar hann úthúðaði Össuri Skarphéðinssyni, þá óbreyttum þingmanni Alþýðuflokksins, fyrir að styðja áform ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, um að skera niður námslán. Eftirmálar urðu aðrir en stundum þegar stjórnmálamenn eru skammaðir því þegar Össur varð umhverfisráðherra skömmu síðar réði hann Birgi sem aðstoðarmann sinn í ráðuneytinu. Nú virðist Birgir kominn í svipaðan ham og í upphafi því í kjallaragrein sem hann skrifaði í DV í gær fjallar hann um formannskosninguna í	Samfylkingunni og er gagnrýnni á framgöngu Össurar og stuðningsmanna hans, einkum Einars Karls Haraldssonar sem hann vitnar til sem „ófmetins kosningagúrús og baktjaldamakkarar“. Mátturinn og dýrðin Það sem vekur þó kannski mesta athygli í grein aðstoðarmannsins fyrirverandi er upphaf hennar. „Þegar Samfylkingin var formlega stofnuð sem stjórnmálaflokkur var mátturinn hjá formanni flokksins Össuri Skarphéðinssyni, en dýrðin hjá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur borgarstjóra í Reykjavík. Þegar Ingibjörg Sólrún steig úr stóli borgarstjóra var ljóst að einungis tímaspurning yrði hvenær mátturinn og dýrðin yrðu sameinuð og borgarstjórnin fyrirverandi krýndur formaður Samfylkingar,“ segir Birgir og bætir við að það eina	sem hafi komið á óvart sé hversu langan tíma þetta hafi tekið. Í manna minnum Birgir er ekki fyrstur manna til að ræða um mátt og dýrð stjórnmálamanna. Í bæjarstjórákosningunum 1920 bauð Sigurður Eggerz sig fram gegn Knúti Zimsen bæjarstjóra og sagði á framboðsfundi að hann gæti alveg orðið borgarstjóri því hann hefði verið ráðherra. Þá reis Árni Pálsson prófessor á fætur og andmælti þessu með orðunum: „Það er satt, þitt var ríkið en hvorki mátturinn né dýrðin.“ Þá er ekki úr vegi að minnst þess að Páll Pétursson sá tvisvar ástæðu til að segja um ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks sem sat 1991 til 1995 að þó hennar væri ríkið um stund væri hvorki mátturinn né dýrðin hennar. brynjólfur@frettabladid.is

Um Símann

Nú hefur hin mikla hlutafjár-söfnun í Símann staðið í hálfan mánuð. Hlutafjársofnunin er gerð í nafni almennings, sem væntanlega ætti hér að vera með stórum staf. Sú ágæta kona Agnes Bragadóttir, sem hingað til hefur frekar stundað sagnfræði- eða rannsóknarblaðamennsku um nýliðna fortíð en að tjá sig um atburði líðandi stundar, kvaddi sér hljóðs „undir nafni“ eins og sagt er og hvatti okkur almennings þessa lands til að vakna til lífsins og láta ekki ráðamennina selja bandamönnunum sínum Símann. Láta þá ekki endurtaka leikinn þegar þeir viluðu og díluðu og seldu bankana á tombóluprís. Agnes er talin öllum hnútum kunnug í þessum heimi, enda lét almenningsurinn ekki á sér standa og safnast hefur fullt af peningum.

Ég verð þó að jatta að ég er frekar á línu DV í þessum efnum en þar var spurt: Af hverju skyldi almenningsur kaupa það sem hann á? Já, af hverju skyldum við gera það. Jú, fólk er orðið svo samdauna þeim freklegu aðferðum sem notaðar eru hér við alla hluti, og þá sérstaklega stjórn landsins, að það er farið að bregðast við með þeim ráðum sem það heldur að dugi í spílinu. Það hlýtur að vera ákaflega alvarleg staða í þjóðfélagi þegar stjórnvöld eru búin að skrum-skæla svo allar leikreglur að fólk getur ekki annað en myndað fjármagnsblokk til að sjá við helmingaskiptunum. Það sem er kannski verst í þessu er að þetta gefur handsalsmönnum tveim góða afsökun fyrir að halda áfram á þessari leið. Þessi leið minnkar hins vegar ekkert ójöfnuðinn í landinu. Það er nefnilega fullt af fólki sem á ekkert aflögu til að setja í púkk- ið og kaupa Símann.

Sumir eiga fimmtíuþúsund til

Í DAG
INNLEGG UM SÖLU Á
SÍMANUM

**VALGERÐUR
BJARNADÓTTIR**

” **Sumir eiga fimmtíuþúsund til að setja í almenningspottinn og aðrir eiga kannski tíu milljónir, svo geta allir selt á þreföldu verði eftir þrjú ár.**

að setja í almenningspottinn og aðrir eiga kannski tíu milljónir, svo geta allir selt á þreföldu verði eftir þrjú ár. Þeir sem lögðu inn fimmtíu þúsund græða hundrað þúsund kall og þeir sem áttu tíu milljónir græða tuttugu milljónir. En þeir sem eiga ekkert aflögu græða ekki neitt. Er alveg í lagi að það fólk hagnist ekki neitt þegar fjármálaspekúlantarnir og gúrúarnir sem almenningshlutfélagið ætlar að gera bandalag við eru búnir að margfalda verðmæti Símans? Almenningsuppreisnin er engin uppreisn fyrir það fólk. Endirinn verður ekki annar en sá að sumir verða jafnari en aðrir. Ekki finnst mér það batna þegar nýir forsvarsmenn almennings segjast ætla að leita til lífeyrissjóðanna sem eru í eigu almennings. Erum við ekki með nógu marga sjóðakarla að ráðskast með lífeyrinn okkar þó nýir sjóðkarlar og -kerlingar fari ekki að ásælast hann líka? Helmingaskipta-

karlarnir yrðu þó trúir ég kátir með að geta vitnað til þess að þeir hefðu selt almenningi og lífeyrissjóðunum Símann. Þetta leikrit allt saman á ekkert skylt við almenningshlutfélagin sem Eyjólfur Konráð barðist fyrir hér á árum áður.

Nei, auðvitað á einfaldlega að afhenda fólkinu í landinu hlutabréfin í Símanum. Sumir geta selt strax og fengið andvirðið út í hönd, aðrir geta átt hlutabréfin um stund eða lengi ef þeir vilja og selt svo á því margfalda verði sem verið er að spá. Þá stæðu allir jafnir í upphafi og hver og einn yrði sinnar gæfu smiður. Við þessu segja spekingar að selja eigi Símann til að við höfum efni á nýjum spítala eða Sundabraut. Þeir reyndar togast á um það, handsalsmennirnir, hvort skuli vera. Ráða þessu þó alls ekki einir, þótt þeir geti ákveðið útboðsskilmálan. En það er eins með þetta og önnur mál að þeir tala alltaf eins og þingið, sem þó ræður ráðstöfun fjárins, sé ekki til. Skyldu stjórnarþingmenn ekki vera orðnir svolítið þreyttir á lítills virðingunni sem flokksformennirnir sýna þeim við hvert tækifæri sem gefst?

Að auki hefur hlutafjársofnunarfárið beint athyglinni frá grunnnetinu, og þeirri staðreynd að það á að fylgja með í kaupunum. Þannig á að veita nýjum eigendum Símans tækifæri til að misbjóða og hrella samkeppnisaðilana. En það er kannski allt í lagi fyrst svona margir eiga í Símanum? Stundum finnst mér alveg hreint ótrúlegt að flokkur sem kennir sig, eða að minnsta kosti kenndi sig, við frelsi einstaklingsins skuli vera stærri flokkurinn í þessari ríkisstjórn þar sem klíkuskapurinn og meirihlutaræðið virðast öllu öðru æðra. ■

Fundur Atlantshafsráðsins

NATO í próun

Gengur Úkraína næst í bandalagið?

2005 04 20-21

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN: Skatthlíð 24, 105 Reykjavík **ABAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Eintak á 199kr?

Sendu SMS skeytið

BTL BTF á númerið **1900** og þú gætir unnið.

11. hver vinnur.

BT

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skeytið

MOBILE

Starfsmannamál GT verktaka

UMRÆÐAN
ERLENDIR VERKA-
MENN



ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON

Í Fréttablaðinu föstudaginn 22. apríl er birt yfirlýsing frá Gísla Sveinbjörnssyni, einum af forsvarsmönnum GT verktaka. Í yfirlýsingunni er Oddur Friðriksson sagður fara með rangt mál varðandi dvöl tveggja lettneskra verkamanna og sagt er að Oddur, verkalýðshreyfingin og Vinnumálastofnunin leggi fyrirtækið í einelti.

Förum aðeins yfir staðreyndir málsins. Um miðjan febrúar voru þrír íslenskir verkamenn látnir hætta störfum hjá GT verktökum og í staðinn ráðnir fjórir lettneskir verkamenn á svokölluðum þjónustusamningum. Strax og þetta varð ljóst gerði Vinnumálastofnun athugasemd, lýsti því yfir að ekki væri um þjónustusamninga að ræða og óskaði eftir að sýslumannsembættið á Seyðisfirði rannsakaði málið. Ekkert gerðist í málinu fyrr en tveimur mánuðum síðar að lögreglan handtók mennina og færði þá í skýrslutöku. Um mánaðamótin febrúar/mars óskaði yfirtrúnaðarmaður eftir afritum af ráðningarsamningum og upplýsingum um laun lettnesku starfsmannanna.

Engin svör eru komin frá GT



En simmsalabimm?

Abrakadabra er dulrænt orð sem er notað til að tófra fram góða anda sem eiga að veita vernd gegn sjúkdómum. Orðið er einnig notað af nútíma tóframönnum þegar þeir þykjast galdra fram dulræna eða yfirmáttúrulega krafta til að aðstoða þá í blekkingum þeirra. Þessi tófraformúla gæti verið tengd orðinu „abraxas“ sem finnst á mörgum verndargripum frá síðustu árum rómverska heimsveldisins og er talið vera upphaflega frá Gnostíkerum eða Egyptum. Það er allavega ljóst að abrakadabra virkar alveg jafn vel og abraxas eða hókus pókus.

Óli Gneisti veltir fyrir sér tófraorðum á [vantru.net](#).

Birtingarmynd æskudýrkunar?

Til stendur að tengja verðmæti iðgjalda aldri greiðandans þannig að iðgjöld sem greidd eru á unga aldri eru verðmætari en iðgjöld sem við greiðum þegar aldurinn færist yfir. Rökin eru þau að sjóðurinn hafi peningana lengur til ávöxtunar. En hvað þýðir þetta t.d. fyrir konur sem eru fjarri vinnumarkaði á fyrstu árum starfsævinnar vegna barneigna og hvað með langskólagengið fólk sem kemur seint inn á vinnumarkað?

Ögmundur Jónasson á [ogmundur.is](#)

Penninn er öflugri en...

Blaðamaður sem býr við ritfrelsi þarf að axla mikla ábyrgð því völd þeirra og áhrif í samfélaginu eru mikil. Það hlýtur því að vera eðlileg og sífellt spurning stéttarinnar hvort hún sé að axla þessa ábyrgð í störfum sínum. Fagna ber framtaki Morgunblaðsins og Háskólans á Akureyri að taka þetta viðfangsefni til umfjöllunar. Á stundum finnst mér ýmsir blaðamenn hérlandis bregðast ábyrgð sinni í því mikla frelsi sem þeir njóta til allrar hamingju. Einhver lenska er orðin hjá sumum að gera sig breiða með því að vera nógu orðljótir og finnst „töff“ að tala illa um stjórnmálamenn, málefni eða flokka. Þá finnst mér um of gæta tilhneigingar nokkurra blaðamanna að fjalla um álitamál á þann hátt að þeirra eigin sjónarmið verða undirbyggjandi við nálgun málsins en ekki hin hlutlausa frásögn þar sem lesandanum/hlustandanum/áhorfandum er ætlað að mynda sér skoðun af umfjölluninni.

Hjálmar Árnason á [althingi.is/hjalmarar/](#)

verktökum og vísa þeir málinu til leigusala í Lettlandi. Í núgildandi virkjunarsamningi skuldbinda verktakar sig til að afhenda yfirtrúnaðarmanni ráðningarsamninga og upplýsingar um laun starfsmanna sem koma til starfa á virkjunarsvæðinu. Skiptir engu máli hvort um er að ræða aðalverktaka eða undirverktaka. Reyndar er sérstaklega tekið fram í virkjunarsamningi að aðalverktaki beri ábyrgð á að undirverktaki standi við samninginn. Réttur yfirtrúnaðarmanns er því ótvíræður að fá ráðningarsamninga og upplýsingar um launakjör starfsmanna. GT verktakar hafa því brotið virkjunarsamninginn með mjög alvarlegum hætti með því að afhenda ekki umbeðnar upplýsingar.

Þrátt fyrir að GT verktakar sækji starfsmenn til erlendra starfsmannaleigufyrirtækja losnar fyrirtækið á engan hátt undan framangreindum skyldum. Viðskipti GT verktaka og starfsmannaleigunnar eru ekki einkamál þeirra því á Íslandi gilda íslensk lög og kjarasamningar og allir starfsmenn sem hingað koma verða að njóta að lágmarki þeirra kjara sem samningar og lög tryggja. Meðan fyrirtæki geta ekki staðfest að ráðningarkjörin uppfylli íslensk lágmarkskjör liggja þau undir grun um að þau séu að fara á skjön við kjarasamninga.

Oddur Friðriksson, yfirtrúnaðarmaður við Kárahnjúkavirkjun, hefur starfað við mjög erfiðar aðstæður. Frá upphafi hefur hann

verið í stanslausri baráttu við erlenda verktaka sem hafa átt erfitt með að sætta sig við íslensk lög og kjarasamninga. Eftir mikla vinnu og þrautseigju er nú að nást árangur og virðist sem erlendu verktakarnir séu búnir að átta sig á að samstarf er eina leiðin til að ná árangri.

Eftir stendur íslenskur undirverktaki sem hefur reynst mjög erfiður í samstarfi og kallar það siðleysi af yfirtrúnaðarmanni að gæta hagsmuna tveggja erlendra verkamanna sem eru í farbanni vegna hugsanlegra brota sem GT verktakar bera alla ábyrgð á. Ég lýsi fullum stuðningi við störf Odds Friðrikssonar yfirtrúnaðarmanns og ef GT verktakar eru óánægðir með hans störf stafar það af því að þeir hafa ekki látið hann hafa um-

beðnar upplýsingar sem hann á fullan rétt á og GT verktakar undirgengust um leið og þeir gerðust verktakar á virkjunarsvæðinu. Í yfirlýsingunni kemur fram að GT verktökum sé annst um að fara að gildandi lögum og reglum. Ekki efa ég að þetta er vel meint en það er ekki nóg að lýsa þessu yfir, aðalatriðið er að framfylgja góðum markmiðum. Ég skora á Gísla Sveinbjörnsson að afhenda yfirtrúnaðarmanni allar upplýsingar um starfskjör lettnesku starfsmannanna og koma samskiptunum þar með í gott horf. Standist ráðningarkjörin íslenska kjarasamninga og lög er ekkert að fela.

Greinarhöfundur er talsmaður samstarfsnefndar um virkjunarsamning.

Leynist lítill snillingur á þínu heimili?

Píanó á verði sem þú hefur ekki séð áður!

Goodway hljóðfærin eru frábær kostur fyrir þá sem eru að kaupa sitt fyrsta píanó. Í fyrsta sinn á Íslandi bjóðum við þér nú upp á að kaupa píanó á vaxtalausum greiðslum (til 15 mánaða). 2 ára ábyrgð.

Verð frá 15.867 kr.
í 15 mán. eða 238.000 kr. staðgreitt.
121 og 123 cm. píanó í svörtu, hnotu og mahony.

HLJÓÐFÆRAHÚSÍÐ

Leifur Magnússon

HLJÓÐFÆRAHÚSÍÐ

Suðurlandsbraut 32 • 108 Reykjavík • Sími 591-5350 • piano@piano.is

Hver ber ábyrgðina?

UMRÆÐAN
OPIÐ BRÉF TIL
ÚTVARPSSTJÓRA



RAGNAR ÞORGEIRSSON,
FRAMKVÆMDASTJÓRI Í REYKJAVÍK

„Fréttamaður sem veit að nafngreindir menn verða ataðir auri, gagnrýndir fram og aftur og hugsanlega vændir um þjófnad, ber mikla ábyrgð. Hann getur ekki skýlt sér á bak við klisjuna um að hann eða hún hafi sagt hitt eða þetta en ekki fréttamaðurinn sjálfur. Umsjón hans og ritstjórn samtalsþáttarins hlýtur meðal annars að felast í því að meta hvort viðmælandanum er treystandi til að halda sig við staðreyndir.

Ég velti stundum fyrir mér breytingum sem orðnar eru á blaða- og fréttamennsku, og áherslum fjölmiðlamanna í störfum sínum. Þó ég skilji keppni fjölmiðlanna um athygli tilheyranda í erli dagsins á ég erfitt með að sætta mig við þær leiðir sem farnar eru.

Undanfarið hefur mér þótt þeir sem ráða dálksentímetrum blaða og takmörkuðum tíma á

ljósvakanum láta ritstjórnast af því hversu krassandi yfirlýsingar viðmælendur væru tilbúnir að láta sér um munn fara.

Fyrir skemmstu opnuðust blaðsíður og fréttatímar þegar heilbrigðisstarfsmenn voru tilbúnir að úthúða stjórnendum Landspítalans og bera þá mjög þungum sökum um ógnarstjórn og hefnigirni. Sama var uppá teningnum þegar fréttamenn út-vörpuðu athugasemdalaust ásökunum lyfjafræðinga sem vændu sömu stjórnendur LSH og heilbrigðisvirkir lögleysu. Þá þótti bera vel í veiði þegar sú fima kona Jónína Benediktsdóttir, sem víða hefur komið við og er nú titluð nemi, bar nafngreinda menn þungum sökum og vændi m.a. um þjófnad. Þessu samhliða sakaði hún formenn stjórnar-flokkanna, helstu valdhafa þjóðarinnar, um alvarleg brot á starfsskyldum sínum. Allt er þetta gert að þessum einstaklingum fjarverandi og hvergi hirt um að draga fram gögn fullyrðingunum til stuðnings, rétt eins og það skipti ekki máli. Dælan bara látn ganga viðstöðulaust.

Það sem ég velti fyrir mér er ábyrgð blaða- eða fréttamannsins.

Þegar „nema“ er stillt upp, í einkaviðtal á besta sjónvarps-tíma vikunnar, til að úthúða nafngreindum mönnum þá gerist það ekki undirbúningslaust. Ég á erfitt með að trúa því að fréttamaður dagskrárgerðarmaður geti mætt í viðtalsþátt án undirbúnings.

Hann er búinn að ræða við viðmælanda sinn, hann er búinn að ræða á hvaða nótum samtalið verður og hann veit þar af leiðandi hvað viðkomandi hyggst tala

um. Að halda öðru fram er rangt.

Fréttamaður sem veit að nafngreindir menn verða ataðir auri, gagnrýndir fram og aftur og hugsanlega vændir um þjófnad, ber mikla ábyrgð. Hann getur ekki skýlt sér á bak við klisjuna um að hann eða hún hafi sagt hitt eða þetta en ekki fréttamaðurinn sjálfur. Umsjón hans og ritstjórn samtalsþáttarins hlýtur meðal annars að felast í því að meta hvort viðmælandanum er treystandi til að halda sig við staðreyndir. Þá ber honum að spyrja þannig að ásakandinn standi við orð sín eða verði ósannindamaður ella.

Menn tryggja sig ekki eftir á þegar svo alvarlegar ásakanir verða hugsanlega bornar fram.

Mér virðist sem fréttamenn velji sér þá viðmælendur sem þeir hafa gengið úr skugga um að

vilji ganga langt með orðum sínum, og ata aðra menn auri. Þá sem hugsanlega eru tilbúnir til að setja fram mestu sleggjudómana og gífurfyrðin. Virðast þeir líta á þetta sem krydd í tilveruna og leiðina til að ná athygli tilheyranda í erli dagsins. Oft eru viðbrögð fréttamanna sem sýna af sér faglegan metnað á þessu stigi, og gagnrýndir eru fyrir, að bjóðast til að hleypa „skúrkunum“ að í næsta þætti eða næsta fréttatíma.

Þar með þykjast þeir hafa axlað ábyrgð sína og fundið hið fullkomna svar við gagnrýninni.

Þessi rök halda ekki. Fréttamaður sem útvarpar eða sjónvarpar yfirlýsingum af þessu tagi ber ábyrgð á viðmælanda sínum. Honum ber að taka bæði faglega og siðferðilega afstöðu til þess sem hann veit að sagt verð-

ur, áður en hann fer í loftið. Það er jafnframt hans að leggja mat á ásakanirnar sem hann veit, eða grunar, að settar verði fram. Honum ber að undirbúa sig þannig að viðtalsþátturinn geti aldrei orðið rógur og nið um fjarstadda menn, sem í versta falli er boðið að svara svívirðingunum næsta dag.

Nú spyr ég þig Markús Örn Antonsson: Finnst þér vinnubrögð þessi samræmast almanna-hlutverki ríkisútvarpsins og kröfum um faglega vönduð vinnubrögð?

Hver finnst þér að ætti að bera ábyrgð á að útsendingartíminn sé notaður með þessum hætti; fréttamaðurinn, fréttastjóri Sjónvarpsins, forstöðumaður fréttasviðs, framkvæmdastjóri Sjónvarpsins, eða kannski þú sjálfur? ■

Halló! Halló! Vaknaðu, almenn skynsemi!

UMRÆÐAN
SALA SÍMANS



HALLDÓR KARL HÖGNASON
VERKFRÆÐINGUR

„Hvað annars varðar sjálft framtak Agnesar þá má þó hrósa henni fyrir ágæta hugmynd.

Íslenskir fjölmiðlar hafa eignast nýjan dýrling í baráttu sinni gegn ímynduðu ranglæti, Heilaga Agnesi Bragadóttur, fréttaritstjóra viðskiptablaðs Morgunblaðsins. Í viðhorfsdálki Morgunblaðsins um fyrirhugaða Landssímasölu fór hún mikinn og mætti helst halda að sjálf Heilög Jóhönnu Sigurðardóttir hefði setið þar að skriftum. Til áhrifaauka voru óspart tínd til þau orð og frasar sem almennt finnast í greinarskrifum íslenskra vinstrimanna. Einungis vantaði orð eins og nútímalegt, umræðustjórnsmál, nýfrjálshygga, græðgi og ólöglegt árasarstríð.

Nokkrir hlutir í viðhorfsgrein Agnesar, svo og ummæli hennar í umræðuþáttum á eftir, vekja þó athygli. Hún bendir á að Búnaðarbankinn og Landsbankinn hafi farið á einhvers konar spottprís á sínum tíma. Agnes, sem fréttaritstjóri eins útbreiddasta viðskiptablaðs landsins, ætti samt að hafa vitað að töluverður hluti af hlutafé Landsbankans og Búnaðarbankans var á markaði í dagóðan tíma áður en afgangur hlutafjárins var seldur hæstbjóðendum!

Það er því morgunljóst að Íslendingar, þar á meðal auðvitað Agnes, höfðu drjúgan tíma fyrir seinni hluta einkavæðingarinnar til þess að kaupa umtalsvert magn bréfa í bönkunum, e.t.v. andvirði bíldrúslu, á þessari „tombólusölu“ Kauphallar Íslands. Að auki væri það gott ef Agnes kynnti sér það, að þegar afgangur hlutafjár bankanna var boðinn til sölu, þá var það hlutafé með réttu selt á markaðsgengi og hluti yfir markaðsgengi á þeim tíma. Virðist sem svo að markaðurinn hafi sjálfur staðið að þeirri spottprís-verðmyndun á því sem Agnes kallar „tombólumarkað“ sem m.a. samanstóð af yfir 30 þúsund hluthöfum Búnaðarbanka Íslands.

Sá Agnes ekki þau augljósu tækifæri sem þar voru á ferðinni, eða kannski bara eftir á, þegar

aðrir höfðu tekið af skarið, hætt sínu fé, umbreytt bönkunum og stóraukið verðmæti þeirra? Gengi bankanna hafði lítið breyst frá því að sala til almennings, lítilla fjárfesta og starfsmanna hafði farið fram. Það voru engar duldar eignir í bönkunum – einungis vannýtt tækifæri.


Það er alltaf hægt að vera vitur eftir á. En er eitthvað við þá að sakast sem sjá tækifæri, sem aðrir koma ekki auga á, og hafa bæði dug og þor í að nýta þau?

Hvað annars varðar sjálft framtak Agnesar þá má þó hrósa henni fyrir ágæta hugmynd. Þegar leikreglur eru einfaldar er fullt svigrúm fyrir einstaklinga til að stofna með sér félag og bjóða í Landssíma Íslands. Framtak Agnesar sýnir það. Það þarf ekki lög og reglur til þess að segja fólki hvað það á að gera eða hefur möguleika til þess að gera.

Fólk verður samt að hafa í huga að loforð um skjótfenginn gróða eru gagnrýnisverð. Enginn verðmiði er enn kominn á Landsíma Íslands. Söluverðið, sem ekki er gefið hvert verður, ræður miklu um væntanlegan hagnað eigenda næstu tvö árin. Ef tekin eru lán fyrir kaupum á hlutabréfum í Landssímanum þarf verðmæti Símans að aukast umtalsvert, sé tekið mið af núverandi vaxtastigi og horfum næstu tveggja ára.

Einnig er athyglisvert að svo virðist sem Agnes sjálf hafi ekki meiri trú á þessu augljósa fjárfestingartækifæri en svo að hún ætla, samkvæmt Sunnudagsþættinum á Skjá einum, ekki að leggja nema „andvirði einnar bíldrúslu“ eins og hún hefur áður orðað, í þetta frábæra, augljósa fjárfestingartækifæri.

Það verður að tala af ábyrgð en ekki með upphrópunum sem spottprís þegar fólk er hvatt til að hugsa skynsamlega um kaup í Símanum. ■



Markaðurinn á mannamáli

Nú þarftu ekki lengur að vera sérfræðingur til að fá botn í markaðsmálin. Hér eftir mun Markaðurinn fylgja Fréttablaðinu frítt alla miðvikudaga.

Í Markaðnum munum við leggja sérstaka áherslu á að fjalla á auðskilinn hátt um íslenska og erlenda markaði og viðskiptalíf. Við munum ekki einskorða okkur við stórvíðburði heldur m.a. greina frá fólki sem vinnur góð verk í misstórum fyrirtækjum víða í þjóðfélaginu.

MARKAÐURINN
Sögurnar • Tölurnar • Fólkið



AF NETINU

Landsbyggðarstefna

Það er alveg ljóst að með vaxandi lóðaskorti er verið að þrýsta fasteignaverði upp í enn hærri hæðir. R listinn hefur á móti sagt að við sjálfstæðismenn séum ekki samkvæmir sjálfum okkur með því að styðja ekki uppboð á lóðum. Það má vel vera að uppboð sé ágætis leið. Það er hins vegar ljóst að það fyrirkomulag sem borgin viðhefur, að takmarka mjög framboð af lóðum gerir það að verkum

að verð fyrir mold og götur er fáránlega hátt! Ódýrasta Lambasels lóðin kostaði 3,5 milljónir króna og það í grónu hverfi. Til samanburðar er endurgjald fyrir einbýlishúsa lóð hér á Akureyri um 2,2 milljónir grótt reiknað. Ég skora á menn að fara verulega að hugsa sinn gang enda fer það að borga sig verulega að koma sér fyrir utan Reykjavík.

Þvottahús og tvær sér útigeymslur fylgja með eigninni. Allt rafmagn og pipulagnir hafa verið endurnýjaðar. Þetta er tilvalin eign fyrir hundaeigendur. **Verð: 14.300.000**

VERÐMETUM SAMDÆGURS - EKKERT SKÖDUNARGJALD

EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN

www.eignastyring.is

Höfum fengið til sölumeðferðar **3.000 fm. verslunar-, skrifstofu og þjónustuhúsnæði** í blómlegum verslunakjarna í Reykjavík. Húsnæðið sem býðir upp á fjölbreytta nýtingu verður laust eigi síðar en 1. september 2005. **Verð kr. 375.000.000,-**

Sími 534 4040

ferðir o.fl.

Á FIMMTUDÖGUM

✓ Auglýsingasíminn er 550 5000

auglysingar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesna blað landsins

SÖLUFÓLK

Óskum eftir öflugum sölumönnum í úthringiverkefni 2 - 4 kvöld í viku. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónus.

Nánari upplýsingar veitir Hrannar Arnarsson í síma 696 9043. Umsóknir með ferilskrá sendist á hrannar.arnarsson@365.is

Vantar þig aukavinnu?



365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

Fagport ehf. byggingaverktaki óskar að ráða tvo nema á samning í trésmiði.

Æskilegt að umsækjendur hafi lokið grunnnámi frá iðn- eða fjölbrautaskóla. Um er að ræða vinnu á stór Reykjavíkursvæðinu. Nauðsynlegt að umsækjendur hafi metnað fyrir starfi og geti hafið störf fjótlega.

Upplýsingar gefur Guðmundur í síma 893 0003.



FASTEIGNASÖLUMAÐUR

Óskum eftir duglegum og reyndum sölumanni til starfa. Áhersla er lögð á fagleg og vönduð vinnubrögð. Starfsmaðurinn þarf að geta unnið sjálfstætt, hafið störf sem fyrst og hafa bíl til umráða. Laun eru árangurstengd. Löggild-ing er æskileg, en þó ekki skilyrði.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknir sendist á netfangið: oli@framtidin.is fyrir 29.04. '05.

TILKYNNINGAR



Vorfagnaður Ásgarði, Glæsibæ,
29. apríl 2005 kl. 20.00

Dagskrá:

Samkoman sett: Árni Sigurðsson

Ávarp: Margrét Margeirsdóttir, formaður FEB

Vorljóð: Baldvin Halldórsson, leikari flytur

Kórsöngur: Söngfjlagið kór FEB í Reykjavík Stjórnandi:

Kristín Pétursdóttir, undirleik annast Hólmfríður

Sigurðardóttir

Minni karla og kvenna

Leiklestur: Snúður og Snælda

Almennur söngur milli atriða við undirleik Sigurbjargar

Hólmgrímsdóttur.

Stjórnandi: Ásgeir Guðmundsson

Guðmundur Haukur leikur fyrir dansi

Kaffiveitingar – verð kr: 1.500.-

atvinna o.fl.

Ertu að leita að góðum starfsmanni?

Hvar ætlar þú að auglýsa?

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð sem fjalla um atvinnumál og eru atvinnuauglýsingar helsta efni þeirra. Bæði blöðin eru svokölluð innblöð, þ.e. þau eru í miðju aðalblaðanna þannig að lesendur þeirra rekast á atvinnublöðin og ákveða þá hvort þeir skoða þau eða ekki.

LESTUR: DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN *

	20-40 ára
Sunnudagsblað Fréttablaðsins	64,0%
Sunnudagsblað Morgunblaðsins	40,1%
<i>Styrkur Fbl. umfram Mbl.</i>	46,0%

*Upplýsingar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýfstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í mars sl. Tekið er tillit til frídreifingar Morgunblaðsins.

Tæplega helmingi fleiri Íslendingar á aldrinum 20-40 ára lesa sunnudagsblað Fréttablaðsins fram yfir Morgunblaðið. 60% Íslendinga á sama aldri fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins, sem getur varla hljómað vel fyrir fyrirtæki í leit að góðum starfsmönnum.

allt


- markvissar auglýsingar -



Talstöðin
FM 90,9

**ÞÚ HEYRIR
ÞAÐ STRAX**

Talstöðin færir þér fréttir oftast á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.



Allt sem þú þarft
og meira til



Allt um nám
á miðvikudögum í Fréttablaðinu.

allt

SIÓNARHORN



Og allir koma þeir aftur! Bátur bundinn í nausti á Skaganum. /Ljósmynd: GVA

ÓTRÚLEG ÚTSALA Á SKÓM **OUTLET** FISKISLÓÐ 75

Mikið úrval af dömu, herra og barnaskóm á góðu verði

STAFER 36-40 2.900

STAFER 36-41 2.900

STAFER 37-38 2.900,-

STAFER 39-41 3.500,-

OPNUNARTÍMI: Mán.-Fös. 13:00-18:00 & Lau. 12:00-16:00
Fiskislóð 75 út á Grandi, 101 Reykjavík, s:514-4407

X18 RETRAVIA **SKECHERS** LET'S MOVE **every1** FASHION FOR ALL

Sumar gjafir skipta öll börn máli!

Gefum börnum góða sumargjöf

Scanbath Collection

STURTUKLEFAR & VEGGIR MEÐ HURÐ

verð frá **47.650** stgr.

W-0001
Veggir úr öryggisgleri með hurð
8 - 10 mm öryggisgler
Króm- stállamir og handföng

verð: 80cm: **47.650**
90cm: **49.900**
110cm: **63.800**
120cm: **66.500** stgr.

W-0707
Sturtuklefi með hornbaðkari
Stærð: 95x95 cm
6 mm öryggisgler
Hvítir kantar
Vatnslásasett með yfirfalli
Verð kr. **59.900** stgr.

W-0714
Sturtuklefi
Stærð: 80 til 90 cm
6 mm rammalaust öryggisgler
Segullæsing á hurðum
Vatnslás + botn
Hvitt eða króm
Verð frá **36.900** stgr.

W-0708
Sturtuklefi
Stærð: 120x80 cm
6 mm öryggisgler
Segullæsing
Sturtubotn með vatnslás
Verð kr. **46.900** stgr.

W-0706
Sturtuklefi
Stærð: 95x95 cm
6 mm rammalaust öryggisgler
Segullæsing
Sturtubotn - djúpur
Vatnslás
Verð kr. **49.900** stgr.

W-0702
Sturtuklefi - trapisulaga
Stærð: 90 cm
10 mm rammalaust öryggisgler
Króm- stállamir
Segullæsing, 2 glerhillur
Vatnslás + botn
Verð kr. **64.900** stgr.

W-0703
Sturtuklefi
Stærð: 90x90 cm
10 mm rammal. öryggisgler
Króm- stállamir
Segullæsing
Sturtubotn með lás
Verð kr. **64.900** stgr.

KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ Á NETINU

www.i-t.is

HAGSTÆTT Gengi = LÆGRA VERÐ!

INNRETTINGAR & TÆKI

OPÍÐ: Virka daga frá kl. 09-18 Laugardaga kl. 10 - 14
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15	4.118	+1,00%	Fjöldi viðskipta: 315 Velta: 7.252 milljónir
MESTA HÆKKUN			
↑ Straumur	2,53%		
Landbankinn	2,50%		
Íslandsbanki	2,24%		
MESTA LÆKKUN			
↓ FL Group	-1,03%		
Atorka	-0,81%		
Og fjarskipti	-0,50%		

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,90 +0,99% ... Atorka 6,10 -0,81% ... Bakkavör 33,00 – ... Burðarás 14,35 +1,77% ... FL Group 14,35 -1,03% ... Flaga 5,46 – ... Íslandsbanki 13,70 +2,24% ... KB banki 549,00 +0,37% ... Kögun 62,60 – ... Landsbankinn 16,40 +2,50% ... Marel 55,70 +0,18% ... Og fjarskipti 3,98 -0,50% ... Samherji 12,05 – ... Straumur 12,15 +2,53% ... Össur 84,00

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is



SPARISJÓÐUR HAFNARFJARÐAR Eitt af fyrstu verkum nýrrar stjórnar SPH var að ráða Magnús Ægi Magnússon sem nýjan sparisjóðsstjóra. Björn Ingi Sveinsson lætur af störfum.

Nýr stjóri hjá SPH

Samkomulag varð milli stjórnar Sparisjóðs Hafnarfjarðar (SPH) og Björns Inga Sveinssonar sparisjóðsstjóra um að sá síðarnefndi léti af störfum. Tilkynning þessi kemur í kjölfar hallarbyltingar sem varð á aðalfundi sjóðsins í síðustu viku. Hópur stofnfjáreigenda, undir stjórn Páls Pálssonar, felldi gömlu stjórnina naumlega í stjórn-

arkjóri og boðaði breytingar á rekstri sjóðsins. Björn Ingi tók til starfa í byrjun árs en áður hafði hann verið borgarverkfræðingur í Reykjavík. Tók hann við af Þór Gunnarssyni sem hafði gengt starfinu um árábil. Magnús Ægir Magnússon tekur við starfinu en hann hefur starfað hjá SPH í sjö ár.

- eþa

ASPEN SKÍÐAPARADÍS

GB FERÐIR

HÓPAR ATHUGIÐ! NÚNA ER RÉTTI TÍMINN AÐ PANTA SKÍÐAFERÐINA.

Prettán 10 daga ferðir næsta vetur. Fyrsta ferðin er jólaferð og síðan koll af kalli alla mánudaga til 1. apríl 2006. Boðið er upp á svítuhótelið Aspen Meadows. Svíturnar eru þær stærstu í Aspen (40-90m²). Flogið er beint til Aspen. Að auki verður boðið upp á 1-2 daga helgarpakka í Minneapolis í lok hverrar ferðar.

Verð frá: 104.900-*

á mann í junior svítu á Aspen Meadows 2 fullorðnir og 2 börn, 2-11 ára.

*Innifalið: Flug með Icelandair til Minneapolis, flug með NorthWest beint til Aspen, 10 nætur á Aspen Meadows með morgunverði, ferðir frá hóteli í öll fjögur fjöllin, aðgengi að heilsulind og líkamsræktarstöð hótelsins. Ekki innifalið: Flugvallarskattar.

Þann 24. mars síðastliðinn áskotnaðist GB Ferðum sá heiður að vera valin sem Aspen Snowmass Preferred Travel Partner og er eina ferðaskrifstofan á Norðurlöndum í þeim flokki.

ASPEN SNOWMASS
PREFERRED TRAVEL PARTNER

Bókanir og nánari upplýsingar á www.gbferdir.is og í síma 534 5000

ÁFRAM Í ÚRVALSDEILD?

- VIÐ EIGUM VAL

AÐALFUNDUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS 3. MAÍ 2005 HÓTEL NORDICA

ÁÐALYSTINGARSTOFAN SARAPENI EHF.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

kl. 14:00 Venjuleg aðalfundarstörf

kl. 14:45 Kaffihlé

KL. 15:00 **OPIN DAGSKRÁ**
„ÁFRAM Í ÚRVALSDEILD?“

Myndskeið: Árangur atvinnulífsins
Ræða nýkjörins formanns Samtaka atvinnulífsins

Myndskeið: Árangur stjórnvalda
Ræða Halldórs Ásgrímssonar, forsætisráðherra

Myndskeið: Áherslur atvinnulífsins og framtíðarsýn
Umræður

Ármann Þorvaldsson, KB-banka
Jón Ásgeir Jóhannesson, Baugi Group
Katrín Pétursdóttir, Lýsi hf.
Ragnhildur Geirsdóttir, FL Group
Svafa Grönfeldt, Actavis Group

Stjórn umræðna: Páll Magnússon

KL. 16:30 Fundarlok
Simultaneous English translation

100% veðsetningarhlutfall

Frjáls íbúðalán

4,15% verðtryggðir vextir

Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar. Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is

LUCILLE BALL (1911-1989)
lést þennan dag



„Ef þú vilt láta koma einhverju í verk, biddu upptekna manneskju um það. Því meira sem þú hefur að gera, því meira geturðu gert.“

Lucille Ball var ástsæl bandarísk leikkona og stjarna sjónvarpsþáttanna „I Love Lucy“ sem nutu mikilla vinsælda á sjötta áratugnum.

tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Sprenging í Chernobyl

Versta kjarnorkuslys sem orðið hefur í heiminum átti sér stað þennan dag árið 1986 í Chernobyl-kjarnorkuverinu í Sovétríkjunum sálugu. Ástæður slyssins voru raktar til ábyrgðarlausrar tilraunar með kælikerfi kjarnaofns númer 4. Kælikerfinu var lokað, þannig að kjarninn hitnaði um of og olli gufusprengingu, sem tætti sundur hlífarnar þannig að geislavirkt efni fór í miklu magni út í andrúmsloftið. Geislavirknin var margfalt meiri en eftir sprengjurnar sem varpað var á Hiroshima og Nagasaki. Fyrstu dagana eftir slysið dóu 32 og fjölmargir hlutu bruna. Daginn

eftir slysið hófst brottflutningur 30 þúsund íbúa í grenndinni. Geislavirku efnin dreifðust með vindstraumum yfir Norður- og Austur-Evrópu. Sovésk yfirvöld reyndu að hylma yfir óhappið en urðu að viðurkenna að meiriháttar slys hefði orðið þegar sænsk yfirvöld tilkynntu 28. apríl að geislavirkni mældist 40 prósent hærri en venjulegt gæti talist 1.300 kílómetra norðvestur af Chernobyl. Enn er ekki fullljóst hve margir hafa dáið úr sjúkdómum sem tengja má við Chernobyl-slysið. Þó er vitað að þúsundir sovéskra borgara hafa dáið úr krabba-



KJARNORKUVERID Í CHERNOBYL

meini og öðrum sjúkdómum sem rekja má til geislavirkni, auk þess sem margir hafa orðið fyrir varanlegu heilsutjóni. Slökkt var á síðasti kjarnaofninum í Chernobyl-kjarnorkuverinu árið 2000.

MERKISATBURÐIR

- 1834** Tvö skip og fjórtán bátar farast í skyndilegu ofsa-veðri á Faxaflóa og með þeim 42 menn.
- 1944** Forn öskuhaugur kemur í ljós þegar verið er að grafa fyrir húsi í Tjarnargötu í Reykjavík. Jafnvel er talið að þetta sé öskuhaugur Ingólfs Arnarsonar.
- 1983** Flugvél ferst í Hvalfirði með tvo menn um borð.
- 1984** Reagan Bandaríkjaforseti fer í opinbera heimsókn til Kína.
- 1990** Davíð Oddsson fær umboð til stjórnarmyndunar.
- 1991** Sorpböggunarstöð höfuðborgarsvæðisins, Sorpa, tekin í notkun.

ANDLÁT

Sveinn Guðnason, frá Botni í Súganda-firði, lést mánudaginn 18. apríl.

Svanhildur Ólafsdóttir, Vesturholtum Þykkvabæ, lést föstudaginn 22. apríl.

Eyjólfur Bjarnason, frá Kyliuholti, lést laugardaginn 23. apríl.

JARÐARFARIR

13.00 **Helga Danielsdóttir**, frá Bjargshóli, Miðfirði, verður jarðsuningin frá Fossvogskapellu.

13.00 **Halldóra Halldórsdóttir**, Kóngsbakka 14, Reykjavík, verður jarðsuningin frá Fossvogskirkju.

AFMÆLI

Eggert Haukdal, fyrrverandi alþingismaður, er 72 ára.

Póra Friðriksdóttir leikari er 72 ára.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi er 59 ára.

Unnur Steinsson verslunar-kona er 42 ára.

Eva María Jónsdóttir sjónvarpskona er 34 ára.

Rikharður Daðason knattspyrnumaður er 33 ára.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1711 **David Hume** heimspekingur.

1889 **Ludwig Wittgenstein** heimspekingur.

1900 **Charles Richter** jarðskjálftafræðingur.

1904 **William „Count“ Basie** djass-tónlistarmaður.

1960 **Roger Taylor**, trommari Duran Duran.



SLÖKUN Konur slaka á í heitum potti í nýlegu baðhúsi Heilsustofnunar NLFÍ í Hveragerði.

TÍMAMÓT: HEILSUSTOFNUN NLFÍ Í HVERAGERÐI 50 ÁRA

Það besta úr tveimur heimum

Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands heldur upp á 50 ára afmæli í sumar. Við stofnun hennar árið 1955 hét hún Heilsuhæli NLFÍ og hafði Jónas Kristjánsson læknir, einn af brautryðjendum náttúrulækningastefnunnar á Íslandi, forystu um undirbúning og uppbyggingu þess.

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Heilsustofnunar NLFÍ, segir helstu breytinguna sem orðið hafi síðustu áratugi vera að þær hugmyndir sem stofnunin byggir á og voru umdeildar fyrir 50 árum séu nú almenn vitneskja sem fjallað sé um daglega í fjölmiðlum. Þá sé helsta breytingin innan stofnunarinnar sú að hún

hafi breyst úr hressingarhæli yfir í að vera blanda af hressingarhæli og endurhæfingarstofnun.

Í tilefni afmælisins verða haldin málþing á Sauðárkróki og Akureyri dagana 27. og 28. apríl. Þar verður meðal annars sagt frá Jónasi Kristjánssyni lækni og frá hugmyndafræði og upphafi stofnunarinnar. Einnig verða flutt erindi um heilbrigði, húmor, heilbriggt mataræði og næringarfræði. 24. júlí verður síðan haldið formlega upp á afmælið með opnu húsi og fjölskylduskemmtun.

2.000 manns koma árlega til dvalar á stofnuninni. Hægt er að taka á móti 180 dvalargestum á hverjum tíma en biðlistar eru

ávallt til staðar þrátt fyrir að bók- að sé tvo mánuði fram í tímann. Í dag vinna við stofnunina 120 starfsmenn, þar af fjöldi sérhæfðra heilbrigðisstarfsmanna.

Að sögn Ólafs á nokkur uppbygging sér stað sem stendur en um 100 þjónustubúðir eiga að rísa á lóð stofnunarinnar. Þá verður í sumar byggð ný 25 metra útisundlaug sem bætist við baðhús og innisundlaug sem tekin voru í notkun árið 2003.

Ólafur segir það besta úr tveimur heimum koma saman í starfsemi stofnunarinnar, sem byggist á samblandi af hefðbundnum og óhefðbundnum lækningum.

- sgi



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Haraldur Arnór Einarsson

Borgarhrauni 19, Hveragerði,

andaðist að heimili sínu laugardaginn 16. apríl.

Helga Lára Haraldsdóttir
Einar G. Haraldsson
Haraldur A. Haraldsson
og barnabörn

Sigríður Gunnarsdóttir
Steinunn Hrafnisdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna fráfalls minnar ástkæru dóttur,

Kristínar Pórarinsdóttir

sem lést í Los Angeles 21. febrúar. Vinátta ykkar er ómetanleg.

Fyrir hönd aðstandenda

Gerður Kristdórsdóttir og fjölskylda.

42 konur útskrifuðust síðasta sunnudag úr Mætti kvenna sem er 11 vikna rekstrarnám fyrir konur í atvinnurekstri. Þetta er annar hópurinn sem lýkur þessu rekstrarnámi frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst en alls hafa rúmlega 100 konur útskrifast úr Mætti kvenna. Auðbjörg Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri símenntunar, segir námskeiðið tilkomið vegna mikillar þarfar á menntun fyrir konur úti á landi, en algengt sé að konur reki eða séu í forsvari fyrir þjónustufyrirtæki á landsbyggðinni. Þær hafi áratuga reynslu af fyrirtækjarekstri án þess að hafa undirstöðumennntun í rekstri.

Auðbjörg segir að mikill áhugi sé fyrir því að halda framhaldsnámskeið, Máttur kvenna 2, fyrir



MÁTTUGAR KONUR Útskriftarnemar ásamt A. Agnesi Gunnarsdóttur, verkefnisstjóra símenntunar, Runólfi Ágústssyni, rektor, Herdisi Sæmundardóttur, stjórnarformanni Byggðastofnunar og Guðrúnu G. Bergmann.

þær konur sem hafa lokið fyrra námskeiðinu. Fyrst þurfi þó að fá styrk til starfans en Byggðastofnun og iðnaðar- og viðskiptaráðu-

neytið hafa hingað til styrkt námið sem byggist fyrst og fremst á fjárnámi og tveimur vinnuhelgum á Bifröst við upphaf og endi.

- sgi

Máttugar konur útskrifast

GLEÐILEGT
SUMAR



Formúlan!!! að frábærum gæðum



HP Pavilion Jagúar

HP Pavilion er vél fyrir þá sem vilja allt það nýjasta í margmiðlun og leikjum en um leið njóta gæða og áæðanleika HP.

Margmiðlun og tölvuleikir krefjast krafts og áæðanleika ekki síður en tölvur í viðskiptalífínu. Fyrirtækin treysta HP - þú getur treyst HP!

MediaBay
les öll minniskort

Fullkomin
fjarstýring

VELDU HP!
þín trygging
fyrir gæðum!

Práðlaus
mús og lykklaborð

***4.992**

Þú velur
greiðsluform
sem hentar þér!

4.992
Tölvukauplán 48 mán.

14.999
Vaxtalaust 12 mán.

179.988
Staðgreitt

HP PAVILION JAGUAR

- Intel® Pentium®4 515
- Intel® 915P móðurborð
- 1024MB DDR vinnsluminni
- 200GB Serial ATA harður diskur 7200rpm
- ATI Radeon X300 256MB skjákort
- DVD Skrifari "Dual Layer"
- Sjónvarpskort og fjarstýring
- Media bay að framan
- IEEE 1394 FireWire® interface
- 10/100 netkort
- Práðlaust lykklaborð og mús



HP Media Bay

Allir helstu tengimöguleikar eru að framanverðu. Þetta veitir þér aukin þægindi. Einnig eru raufar fyrir öll minniskort.

VELDU HP!
þín trygging
fyrir gæðum!

STAFAFRÆN
MYNDAVÉL

4,2
Milljón
pixlar

FYLGIR
34.999

HP Photosmart R607 Digital Camera – BMW WilliamsF1 Team Special Edition

L1830A
HP BMW MYNDAVÉL 607
4.2 MegaPixel
Pentax linsa 3 x optical, 7x digital zoom
Tekur upp hreyfimyndir lengd hreyfimynda
- aðeins takmörkuð af stærð minniskort
32MB innbyggð minni
Stuðningur fyrir SD og MMC minniskort
Lithium-Ion rafhlæða
Þyngd aðeins 155,7g með rafhlöð



BT



Heyrst hefur...

... að Arnar Geirsson mun taka við þjálfun kvennaliðs FH í handboltanum. Aðalsteinn Eyjólfsson, Kristján Halldórsson og Slavko Bambir, sem stýrði liðinu seinni hluta tímabilsins, voru einnig inni í myndinni en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þá ákvað stjórn FH að ráða Arnar sem var aðstoðarmaður Arna Stefáns-sonar hjá karlaliðinu í vetur.

sport
sport@frettabladid.is

Ágúst Jóhannsson:

Þjálfar kvennalið Vals

HANDBOLTI Ágúst Jóhannsson, sem þjálfað hefur karlalið Gróttu/KR í handboltanum undanfarin þrjú ár, hefur tekið við kvennaliði Vals.

Ágúst skrifaði undir þriggja ára samning við félagið í gærkvöld og tekur við af Guðríði Guðjónsdóttur en stjórn handknattleiksdeildar Vals ákvað að endurnýja ekki samninginn við hana á dögnum.

Ágúst sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að honum litist vel á starfið enda væri fullt af ungum og efnilegum stelpum í Val sem hefðu mikinn metnað og væru tilbúnar til að leggja mikið á sig. ■

Við bjóðum

ÓDÝRT
Stálskápar en gótt

Stál-
skápar
fyrir
vinnustaði
Stærð:
D: 50 cm
B: 30/40 cm
H: 180 cm

Verð frá
kr. 8.591,-
(Fyrsti skápar
kr. 9.711,-)

UMBODS- OG HEILDVERSLUN
Straumur
HÖFÐABAKKI 9 112 REYKJAVÍK
SÍMI: 544 5330 FAX: 544 5335
www.straumur.is

KNATTSPYRNUKAPPINN BRYNJAR BJÖRN GUNNARSSON: MEIDDIST Í UPPHITUN Í SÍÐASTA LEIK

Klár í slaginn gegn Stoke um helgina

Það vakti athygli að landsliðsmaðurinn Brynjar Björn Gunnarsson lék ekki með enska 1. deildarliðinu Watford um helgina. Brynjar meiddist í upphitun og var því fjarri góðu gamni þegar liðið gerði markalaust jafntefli gegn Sheffield United.

Brynjar Björn sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að meiðslin væru ekki jafn alvarleg og fyrst var talið. „Ég stífnaði upp í náranum fyrir leikinn og gat því ekki spilað. Fyrst var haldið að ég hefði tognað í náranum sem hefði verið mjög slæmt en það var sem betur fer ekki raunin. Ef ég hefði tognað er líklegt að tímabilið hefði verið búið hjá mér,” sagði Brynjar en Watford á tvo leiki eftir í deildinni.

„Ég fór í lækni skoðun áðan og þá kom

í ljós að þetta er stífleiki í kringum mjóðmina. Það leiðir líklega frá bakinu og þetta er svipað og ég lenti í fyrr í vetur,” sagði Brynjar Björn.

Hann sagðist vonast til að geta byrjað að æfa á föstudaginn og verða því klár fyrir leik Watford um helgina en liðið mætir hans gamla félagi Stoke. „Ef allt gengur að óskum þá verð ég byrjaður að æfa fyrir helgi og ætti því ná leiknum gegn Stoke. Ég stefni að sjálfsgöðu að því að ná þeim leik – það er alltaf gaman að spila gegn sínum gömlu félögum,” sagði Brynjar sem hefur átt frábært tímabil með Watford. Hann gekk til liðs við félagið síðasta sumar og hefur sannað sig sem einn af bestu mönnum liðsins.



Chelsea þarf að bíða í fimm daga

Arsenal vann Tottenham 1-0 í ensku úrvalsdeildinni og minnkaði forskot Chelsea á toppnum í 11 stig. Chelsea getur eftir sem áður tryggt sér titilinn gegn Bolton um næstu helgi.

FÓTBOLTI Spánverjinn Jose Antonio Reyes tryggði Arsenal 1-0 sigur í nágrannaslagnum gegn Tottenham í ensku úrvalsdeildinni í gær og sá um leið til þess að Eiður Smári Guðjohnsen og félagar hans í Chelsea þurfa allavega að bíða fram á laugardag með að tryggja sér enska meistaratitilinn í fyrsta sinn í 50 ár. Reyes skoraði markið á 22. mínútu leiksins eftir góða sendingu landa síns Cesc Fabregas. Arsenal mátti ekki tapa stigum, því þá hefði titilinn verið Chelsea sem getur eftir sem áður tryggt sér enska meistaratitilinn með sigri á Bolton en sá leikur fer fram á laugardaginn og hefst klukkan 16.15.

Arsenal fékk nóg af færum í leiknum, Patrick Vieira og Philippe Senders skölluðu báðir rétt framhjá og Edu skaut í stöngina. Tottenham fengu líka sín tækifæri til þess að hjálpa Chelsea, Jens Lehmann varði vel frá Jermain Defoe og á lokamínútunum munaði minnstu að skalli Robbie Keane jafnaði leikinn en Arsenal slapp með skrekkin þótt Tottenham hafi ekki ógnað mikið mestan hluta leiksins.

„Á meðan við eigum eitt prósent möguleika á að verja titilinn þá munum við berjast áfram. Það er okkar stolt sem hvetur okkur til þess að gera ávallt eins vel og við getum. Það gengur vel hjá okkur þessa dagana og við ætlum að reyna að halda því góða gengi



SIGURMARKINU FAGNAÐ Jose Antonio Reyes tryggði Arsenal 1-0 sigur á Tottenham í gær með sínu 11. marki á tímabilinu.

áfram,” sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal eftir leik. „Við spilðum oft á tíðum mjög góðan bolta á móti góðu og vel skipulögðu liði. Jose var mjög líflegur, hann klikkaði á góðu færi í byrjun en eftir að hann skoraði var hann allt annar leikmaður og skapaði hættu allan tímann,” bætti Wenger við.

Þetta er í fyrsta sinn í 16 ár sem Arsenal vinnur báða leiki sína gegn nágrönnum sínum í Tottenham og með honum halda þeir titlinum sem enskir meistara í að minnsta kosti fimm daga til viðbótar. Auk þess er Arsenal komið með fjögurra stiga forskot á Manchester United í baráttunni um 2. sætið. ■



HEURELHO GOMES Verður í sviðsljósinu í marki PSV í kvöld.

Undanúrslit meistaradeildar Evrópu í kvöld:

AC Milan mun ekki vanmeta PSV í kvöld

FÓTBOLTI. Carlo Ancelotti, knattspyrnustjóri AC Milan, vill að Milanóborg hljóti uppreisn æru þegar hans menn mæta PSV Eindhoven í undanúrslitum Meistaradeildarinnar í kvöld, eftir ólætin sem settu blett á leik liðsins í síðustu umferð.

„Við höfum þegar náð því takmarki að vera á meðal fjögurra bestu liða Evrópu og höfum slegið út frábær lið eins og Manchester United og Inter á leið okkar þangað, svo við erum nokkuð sáttrir við leiktiðina,” sagði Ancelotti í samtali við heimasíðu AC Milan, en liðið er einnig í harðri toppbaráttu

í deildakeppninni heima fyrir. Margir leikmanna Milan virðast vera farnir að hugsa til úrslitaleiksins, en brasílski varnarmaðurinn Cafú hefur varað sína menn harðlega við að vanmeta hollenska liðið, sem hefur náð frábærum árangri í vetur.

„Við erum enn minnugir leikjanna við Deportivo í fyrra, þar sem við féllum úr keppni eftir að vinna fyrri leikinn 4-1, svo að menn vita að það þýðir ekkert að vanmeta andstöðinga sína í þessari keppni,” sagði bakvörðurinn sterki sem segist vera orðinn lúinn eftir langt tímabil. ■

> Við bjóðum ...

... handboltamarkvörðinn Guðmund Hrafnkelsson velkominn til Íslands á nýjan leik eftir sex ára dvöl á Ítalíu og í Þýskalandi. Guðmundur, sem er kominn á fimmtugsaldurinn gefur ekkert eftir og ætlar sér að spila með Aftureldingu næstu árin.

> Við gleðjumst yfir því ...

... að körfuboltaþjálfarinn Friðrik Ingi Rúnarsson skuli vera kominn með starf á nýjan leik eftir eins árs hlé. Friðrik Ingi er einn af betri og reynslumeiri þjálfurum landsins og hvalreki á fjörur Grindvíkinga

Grindvíkinga

LEIKIR GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

ARSENAL–TOTTENHAM 1–0
0–1 Jose Antonio Reyes (22.)

STAÐA EFSTU LIÐA

CHELSEA	34	26	7	1	65–13	85
ARSENAL	34	22	8	4	74–33	74
MAN. UTD	34	20	10	4	50–21	70
EVERTON	34	17	7	10	41–34	58
LIVERPOOL	35	16	6	13	48–36	54
BOLTON	35	15	9	11	45–39	54
MIDDLESB.	34	13	10	11	50–44	49
TOTTENH.	35	13	9	13	42–39	48
A. VILLA	35	12	11	12	42–43	47
MAN. CITY	35	11	12	12	42–37	45
CHARLTON	35	12	9	14	40–51	45

Sænska úrvalsdeildin

Örgryte – Djurgården 2–2
0–1 Paulinho Guara (18.), 1–1 Sören Larsen (21.), 2–1 Johan Arneng, 2–2 Paulinho Guara (65.).
Helsingborg – Elfsborg 3–0
1–0 Christian Järdler (23.), 2–0 Andreas Granqvist (62.), 3–0 Erik Wahlstedt (82.).
Kalmar FF – Häcken 2–0
1–0 Tobias Carlsson (35.), 2–0 Cesar Santin (80.).
Malmö FF – Gefle 3–0
1–0 Jon-Inge Høiland (13.), 2–0 Niklas Skoog (37.), 3–0 Thomas Olsson (37.).

STAÐA EFSTU LIÐA

HELSINGSB.	3	3	0	0	7–1	9
KALMAR	3	2	1	0	3–0	7
MALMÖ	3	2	0	1	5–2	6
ASSYRISKA	3	1	1	1	4–2	4

Heimir Örn Árnason er eftirsóttur leikmaður:

Býst ekki við að vera áfram hjá Val

HANDBOLTI Akureyringurinn Heimir Örn Árnason er eftirsóttur með eindæmum þessa dagana enda með lausan samning við Val og óhætt að segja að fáir leikmenn, ef einhverjir, í hans gæðaflokki séu á lausu hér á landi. Heimir sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann væri ekki búinn að gera upp hug sinn um það með hvaða félagi hann hygðist leika á næstu leiktíð.

„Það eru mjög margir möguleikar í stöðunni fyrir mig enda hafa ófá félög haft samband á síðustu dögum. Ég veit ekki enn hvað ég ætla að gera en það er þó ljóst að ég mun ekki fara til KA enda er ég enn í námi hér í Reykjavík sem ég hyggt klára,” sagði Heimir Örn við Fréttablaðið í gær en hann segist ekki vera mjög spenntur fyrir því að leika áfram með Val.

„Mér finnst óspennandi dæmi að leika heimaleikina næsta vetur í Laugardalshöll. Það koma ekkert fleiri áhorfendur næsta vetur og þeir sem mæta munu týnast í Höllinni. Ég býst ekki við að vera



HEIMIR ÖRN ÁRNASON Leikur væntanlega ekki áfram með Val á næstu leiktíð.

áfram hjá Val en það er samt búið að vera mjög fínt hjá félaginu“ sagði Heimir Örn sem býst við að ganga frá sínum málum í vikunni.

- hbg

Glucomed
BYGGJÓR UPP LIOBAJÓSK

Fyrir fólk með liðkvilla vegna slitgigtar eða yfirálags

Fæst í apótekum

ÚR SPORTINU

Silja Úlfarsdóttir, frjálssíþróttakona úr FH, bætti sinn besta árangur í 400 metra grindahlaupi á háskóla-meistaramóti í Flórída í Bandaríkjunum um helgina þegar hún hljóp á 56,62 sekúndum. Þessi frábæri tími hennar nægði henni þó ekki til sigurs í hlaupinu, því hún hafnaði í öðru sæti. **Silja** stefnir nú hraðbyri að því að ná lágmarkinu fyrir heimsmeistaramótið utanhúss í sumar, en til þess þarf hún að hlaupa á tímanum 56,50 sekúndum og ef hún heldur áfram að bæta sig á hún að eiga góða möguleika á að ná lágmarkinu.



Sigrún Fjeldsted úr FH keppti í spjótkesti á móti í Athens í Georgíu í Bandaríkjunum um helgina og hafnaði í öðru sæti þegar hún kastaði spjótinu 49,87 metra. Það er ekki langt frá hennar besta árangri í greininni, sem hún náði í síðasta mánuði og er 50,19 metrar. Þá keppti **Magnús Aron Hallgrímsson**, kringlukastari úr Breiðablíki, á sterku móti í San Diego í Bandaríkjunum og kastaði 57,03 metra. Tugþrautarmaðurinn **Jónas Hlynur Hallgrímsson** úr FH keppti í kringlu- og spjótkesti ytra um helgina og kastaði kringlunni 39,43 metra og spjótinu 58,54 metra.



Guðmundur Stephensen úr Víkingi og **Kristín A. Hjálmarisdóttir** úr KR tryggðu sér um helgina stigameistaratitil vetrarins á Grand Prix mótardöðinni í borðtennis, þegar þau unnu bæði sigur á lokamótinu sem haldið var í TBR-húsinu. **Guðmundur** vann öruggan 4-0 sigur á bróður sínum **Matthíasi Stephensen** í úrslitaleik karla og **Kristín** sigraði **Halldóru Ólafsdóttur** úr Víkingi í úrslitaleik kvenna.



Hinn nýkrýndi Íslandsmeistari **Magnús Bess Júlíusson** hafnaði í öðru sæti á Norðurlandamótinu í vaxtarækt sem haldið var í Helsinki í Finnlandi um helgina. Magnús keppti í -95 kílóa flokki og er þetta besti árangur sem íslenskur keppandi hefur náð á sambærilegu móti erlendis. **Sigurður Gestsson** hafnaði í 5. sæti í -85 kílóa flokki á sama móti. Einnig var keppt í Fitness á sama móti og þar höfnuðu þær **Heiðrún Sigurðardóttir** og **Anna Bella Markúsdóttir** í þriðja sæti í sínum flokki, sem er besti árangur sem íslenskir keppendur hafa náð á Norðurlandamóti.

Handknattleiksmaðurinn **Þórir Ólafsson** mun leika sína síðustu leiki fyrir Hauka gegn ÍBV á næstu dögum því hann er búinn að skrifa undir tveggja ára samning við þýska félagið TuS N-Lubbecke. Það gerði **Þórir** í gær en hann mun halda utan 12. maí. Þórir er þriðji leikmaður Hauka sem semur við erlent félag en áður höfðu **Ásgeir Örn Hallgrímsson** og **Vignir Svavarsson** samið við erlend lið; **Ásgeir Örn** við Lemgo og **Vignir** við Skjern.



ÍBV og Haukar mætast í öðrum leik lokaúrslitanna:

Töpum ekki heima fyrir Haukastúlkum

HANDBOLTI ÍBV og Haukar mætast í öðrum leik lokaúrslitanna í DHL-deild kvenna í handbolta í Vestmannaeyjum í kvöld. Haukastúlkur unnu fyrsta leikinn á Ásvöllum, 22-19, á laugardaginn en Íslandsmeistarar ÍBV hugsa sér væntanlega gott til glóðarinnar í leiknum í kvöld.

Alfreð Finnsson, þjálfari ÍBV, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að það væri mikill hugur í hans stúlkum. „Það var deyfð yfir okkur í síðasta leik og það er nokkuð sem þarf að bæta. Ég get

bara talað fyrir sjálfan mig en ég er búinn að bíða lengi eftir tækifæri til að spila í lokaúrslitum. Ég vona bara að leikmennirnir séu sama sinnis,“ sagði Alfreð, sem viðurkenndi að hans stúlkur hefðu ekki spilað vel í fyrsta leiknum.

„Við höfðum tækifæri til að stela leiknum því Haukastúlkur gáfu færi á sér. Sóknarleikur okkar var hins vegar ekki nógu góður, við gerðum of mikið af mistökum og fengum allt of mikið af hraðaupphlaupum á okkur. Við fengum ekki heldur eitt einasta hraðaupp-



ALFREÐ FINNSSON þjálfari ÍBV heldur því fram fullum fetum að hans stúlkur muni ekki tapa fyrir Haukum á heimavelli.

hlaup í fyrsta leiknum og það segir sig sjálft að við verðum ekki Íslandsmeistarar þegar slíkt er uppi á teningnum. Við þurfum að bæta sóknarleikinn og hugarfarið og með góðum stuðningi heimamanna fer þetta vel.“

Alfreð sagði það lykilatriði að vinna leikinn í kvöld. „Ég get full-yrt að við töpum ekki heima fyrir Haukum. Við þurfum að vinna einn útileik til að verða Íslandsmeistarar – svo einfalt er það.“

- óhþ


HYUNDAI
 hefur gæðin

Bíll ársins

» Hyundai Tucson
 Verð frá kr. 2.320.000





Í FLOKKI JEPPA OG JEPPLINGA

Hyundai Tucson CRDi-Dísel, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.680.000
Bílasamningur kr. 35.900 á mánuði.
m.v. 10% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.



Með bílinn handa þér

B & L
Grjóthálsi 1
575 1200
www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílas Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
 Bifreiðaverkstæðið Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bílaleiga Húsavíkur sími 464 1888

*Bíll á mynd: Hyundai Tucson 2.0 dísel, 18" álfelgur, samflutur, krömpkúli, krömpkúli og vindklúfuseti.
 *Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning lýsingar til 84 mánaða og 150.000 km. Greiðum út þann gamla 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins.

GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!



DEKKJA

LAGERINN



EITT SÍMANÚMER UM LAND ALLT 755 3355




HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

4 5 6 7 8 9 10

Miðvikudagur

LEIKIR

☐ 19.00 KR og ÍBV mætast á KR-velli í átta liða úrslitum deildabikars karla í fótbolta.

☐ 19.40 ÍBV og Haukar mætast í Vestmannaeyjum í lokaúrslitum DHL-deildar kvenna í handbolta.

☐ 20.30 Þróttur og Valur mætast í Egilshöll í átta liða úrslitum deildabikars karla í fótbolta.

SJÓNVARP

☐ 07.00 Olíssport á Sýn. Endurtekinn þáttur.

☐ 07.30 Olíssport á Sýn. Endurtekinn þáttur.

☐ 08.00 Olíssport á Sýn. Endurtekinn þáttur.

☐ 08.30 Olíssport á Sýn. Endurtekinn þáttur.

☐ 16.45 Olíssport á Sýn. Endurtekinn þáttur.

☐ 18.00 Meistaradeildin í fótbolta á Sýn. Fréttapáttur um Meistaradeildina í fótbolta.

☐ 18.30 Meistaradeildin í fótbolta á Sýn. Bein útsending frá leik AC Milan og PSV Eindhoven í undanúrslitum Meistaradeildarinnar í fótbolta.

☐ 19.35 DHL-deildin í handbolta á RÚV. Bein útsending frá leik ÍBV og Hauka í lokaúrslitum DHL-deildar kvenna í handbolta.

☐ 21.00 Sterkasti maður heims á Sýn.

☐ 22.00 Olíssport á Sýn.

☐ 23.15 Meistaradeildin í fótbolta á Sýn. Útsending frá leik AC Milan og PSV Eindhoven í undanúrslitum Meistaradeildarinnar í fótbolta.

Guðmundur kemur sáttur heim í íslenska boltann

Markvörðurinn Guðmundur Hrafnkelsson er á heimleið eftir farsælan atvinnumannaferil á Ítalíu og í Þýskalandi. Hann er búinn að gera samning við hið unga og efnilega lið Aftureldingar.

HANDBOLTI Einn leikreyndasti landsliðsmaður allra tíma í handboltaheiminum, markvörðurinn Guðmundur Hrafnkelsson, mun leika með Aftureldingu næsta vetur. Þessi fertugi heiðursmaður er byrjaður að pakka saman í Þýskalandi eftir farsælan atvinnumannaferil en hann er ekki á þeim buxunum að hætta að spila. Guðmundur sagði í spjalli við Fréttablaðið að hann hlakkaði til nýja verkefnisins.

Markmannspjálfari

„Ég mun spila ásamt því sem ég mun skipta mér eitthvað af markmannspjálfun hjá félaginu. Maður býr náttúrulega yfir einhverri reynslu og nú er bara að miðla henni til annarra. Það verður mjög gaman,“ sagði Guðmundur sem lék yfir 400 landsleiki fyrir Íslands hönd á sínum tíma en síðustu landsleikina lék hann á Ólympíuleikunum í Aþenu síðasta sumar.

„Ég er búinn að vera í sex ár úti. Ég fór seint af stað og ég kem sáttur heim enda búinn að vera ánægjulegur tími,“ sagði Guðmundur en hann segist hafa lítið séð af íslenskum handbolta síðustu ár og gerir sér ekki alveg grein fyrir því hversu sterk deildin sé hér heima í dag.

Guðmundur er að leika með Kronau-Östringen í suðurdeild þýsku 2. deildarinnar en félagið

er í harðri baráttu um sæti í úrvalsdeild að ári. Guðmundur segist vera sáttur við sína frammistöðu í vetur.


„Sá sem er með mér í markinu sleit krossbönd í fyrra og kom því ekki til leiks fyrr en um mitt tímabilið. Ég er því búinn að fá mikinn spiltíma í vetur og ég er mjög ánægður með mína frammistöðu í vetur,“ sagði Guðmundur sem greinilega er ekki búinn að syngja sitt síðasta og sjálfur segist hann eiga nóg inni.

Finnst hann vera ferskur

„Eins og staðan er í dag get ég alveg haldið áfram í tvö, þrjú, fjögur, fimm ár en maður veit aldrei hvað gerist varðandi meiðsli og annað. Ef ég slepp vel við meiðsli er aldrei að vita hvað ég held lengi áfram. Það er gott og nauðsynlegt líka að breyta um umhverfi. Ég er ekki hættur og mér finnst ég vera ferskur. Mér líður eins og ég sé að byrja ferilinn,“ sagði Guðmundur og hló dátt.

henry@frettabladid.is

Á LEIÐ HEIM Guðmundur Hrafnkelsson mun leika með Aftureldingu næsta vetur. Hann sést hér í einum af sínum síðustu landsleikjum á Ólympíuleikunum síðasta sumar. Það er Spánverjinn Iker Romero sem hér sést reyna að koma knettinum í markið fram hjá Guðmundi. Fréttablaðið/Teitur



Níðsterk og þykk garðhúsgögn sem standast íslenska veðráttu

20.900

Borð / Greni
2 metrar lengd
Þykkt 6 cm

9.900

Stóll / Greni
Þykkt 6 cm

14.800

Bekkur / Greni
2 metrar lengd
Þykkt 6 cm



Opið
Virka daga
kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga
kl. 12:00 - 16:00

Garðhúsgögn sem hafa slegið í gegn. Sérstaklega sterkbyggð, hönnuð fyrir íslenska veðráttu til að standa úti allt árið. Mjög fjölbreytt úrval.



Verðin koma verulega á óvart

Stærstir á Íslandi
í garðhúsgögnum

Vidarkó

Dalvegi 28 · 201 Kópavogur · Sími: 517 8509 · Fax: 517 8508 · Netfang: vidarko@vidarko.is · Veffang: www.vidarko.is



Fljótvirkt bólgueyðandi verkjalyf

m.a. við tíðaverkjum
Inniheldur engin ávanabindandi efni



Fæst án
lyfseðils

VoltarenDolo®

Díklófenak-K 12,5 mg

Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg. töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaprautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalísýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Barcelona í maí frá kr. 24.090

Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Heimsferðir bjóða þér nú tækifæri til að njóta vorsins í þessari einstöku borg á frábærum kjörum. Beint flug. Fjölbreyttir gistinguvalkostir í boði í hjarta Barcelona.

Verð kr. **24.090**

Flugsæti með sköttum, 20. maí. Netverð

Beint flug
13. maí - uppselt
20. maí - nokkur sæti laus
27. maí - nokkur sæti laus

Flug og gisting frá kr.
49.990 í 5 daga

M.v. 2 í herbergi á Hotel Atlantis, 20. maí. Netverð.

Heimsferðir
Skógarhlöð 18, sími 595 1000.
www.heimsferdir.is



Ívar Guðmunds
Alla virka daga kl. 9-12



Aukablað Fréttablaðsins um landbúnað

kemur út fimmtudaginn 28. apríl.

Í blaðinu verður meðal annars fjallað um helstu greinar búskapar á Íslandi, þróun búskaparháttar, Landbúnaðarháskóla og samtök bænda. Einnig verður farið á bæi og rætt við bændur um landsins gagn og nauðsynjar.

Auglýsendur hafi samband við
Ámunda Ámundason, amundi@frettabladid.is,
sími 515 7580 eða 821 7514.

STUÐ MILLI STRÍÐA · Frjáls maður í rauðum skóm

ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON ER HÆTTUR AÐ SKILGREINA SIG



MYND: HELGI SIGURSSON

Fólk gerir allt of mikið af því að skilgreina sig, draga sjálf sig í dilka, skipa sér í flokka og lifa svo lífi sínu á sjálfstýringu í takt við takmarkað svigrúm frumskilgreiningarinnar. Algengustu grunnflokkarnir, sem eru báðir álíka galnir, eru kenndir við hægri og vinstri og í báðum tilfellum er stutt í öfgarnar.

Meðal hægri- og vinstri- og í báðum tilfellum er stutt í öfgarnar. Meðal hægri- og vinstri- og í báðum tilfellum er stutt í öfgarnar. Meðal hægri- og vinstri- og í báðum tilfellum er stutt í öfgarnar.

Meðal vinstrimanninum er jafn hætt við að verða að skrifinnssku-brjálaðingi sem vill koma böndum á mannlífið og allt sem gerir það skemmtilegt og takmarka persónufrelsi með tilskipunum, reglugerðum og lögum. Sem fyrr er það meðalhöfði sem er farsælast og hægri- og vinstri- og í báðum tilfellum er stutt í öfgarnar.

Á milli þessara tveggja póla leynist samt hættulegasta fólkið; miðjumóðarnir sem kenna sig við framsókn og stela því versta frá báðum hliðum. Meðal framsóknarmáðurinn er hættuleg samsetning sem er til alls vis og notar helst meðul sem eru helguð tilganginum.

Sjálfur hef ég reynt að fóta mig í þessu skilgreiningavætti sem byggir á vestrænni tvíhyggju um gott og illt. Hef reytt hár mitt eins og sturlaður maður í guðlausum heimi og reynt að vera hvorki til hægri né vinstri og alls ekki á miðjunni. Þetta brólt gerði mig auðvitað svo þunglyndan að ég hef gengið í svörtum sorgarklæðum árum saman sem hafa mengað mig og lífsviðhorf mín.

Nú er ég hins vegar búinn að brjóta af mér hlekkir skilgreininganna, geng í pastellitum bolum, bláum buxum og rauðum skóm. Stekk frá vinstri til hægri með viðkomu á miðjunni og skipti um skoðun eins oft og mér sýnist.

Það er vor í lofti og ég er ungur aftur. Rauðu skórnir gerðu útslaggið.

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott





KALLI OG BRÓI LITLI „Sveppi var Kalli á þakinu og fullur salur af börnum tók honum opnum örmum og víst er að þau eiga eftir að elska hann,“ segir Valgeir Skagfjörð í gagnrýni sinni.

Líf og fjör og læti

LEIKLIST

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

Kalli á þakinu

Borgarleikhúsið Stóra svið/Samvinnuverkefni

Höfundur: Astrid Lindgren. **Þýðing og aðlögun:** Davíð Þór Jónsson. **Tónlistarstjóri:** Karl Olgeirsson. **Leikmynd:** Stígur Steinþórsson. **Búningar:** Helga Rós V. Hannam. **Lýsing:** Kári Gíslason. **Danshöfundur:** Birna Björnsdóttir og Guðfinna Björnsdóttir. **Leikstjóri:** Óskar Jónasson. **Leikarar:** Sverrir Þór Sverrisson, Jakob Þór Einarsson, Margrét Pétursdóttir, Þórhallur (Laddi) Sigurðsson, Þröstur Guðbjartsson, Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, Leifur Eiríksson, Ármundur Ernst Björnsson, Sigurbjörn Ari Sigurbjörnsson, Edda Margrét Erlingsdóttir, Rafn Kumar Bonifacius o.fl.

Niðurstaða: Óskar stingur hér enn einni skrautfjöður í hattinn sinn. Hann veit hvernig á að skemmta fólki.

Sögurnar um Kalla á þakinu eftir Astrid Lindgren fjalla um fyrirbærið börn sem eignast ímyndaða vini. Börn með svo sterkt ímyndunarafli að þau gefa sig hinum ímyndaða heimi fullkomlega á vald og þar líður þeim vel af því þau geta ýtt hvunn dagslegu amstri og lífsbaráttu til hliðar um stund.

Litríkar persónur hins ástsæla barnabókahöfundar höfðu til allra barna á öllum tímum, einkum vegna þeirrar staðreyndar að þær falla ekki að þeim ramma sem normið setur. Þær þverbrjóta allar reglur, eru skondnar, skemmtilegar, gefandi, réttsýnar og umfram allt, þær hafa góð og umbreytandi áhrif á aðra í kringum sig.

Kalli á þakinu á ýmislegt skylt við grallarann Línu langsokk eða í öllu falli er á þeim sami gassagangurinn og endalaust fjör í kringum þau. Eins og Kalli segir sjálfur í leikritinu: „Ég vil bara hafa líf og fjör og læti ... annars er ég farinn.“

Sýningin í Borgarleikhúsinu tekur mið af þeirri lífsspeki Kalla. Óskar Jónasson hefur valið sýningunni hefðbundið form þar sem tækni-brellur, eltingaleikir, ærsl og loftfimmleikar taka stórt pláss en hann missir þó aldrei sjónar á rás viðburðanna

og keyrir sýninguna áfram á máttulega miklum hraða. Hringsviðið er notað til hins ýtrasta þar sem Stígur Steinþórsson hefur af útsjónarsemi komið fyrir þremur leikmyndum sem snúast inn og út. Allar skiptingar renna ljúflega og það er virkilega gaman að fylgjast með hugvitssömum brellum til að láta Kalla hverfa og birtast skyndilega á allt öðrum stað.

Ég verð að nota tækifærið hér og hrósa Óskari fyrir leikaravalið. Það er frábært hjá honum að velja leikara í sýninguna sem ekki hafa sést á fjölunum lengi og þá nefni ég einkum Þröst Guðbjartsson sem fór á kostum í hlutverki miðaldra barnfóstru. Margrét Pétursdóttir og Jakob Þór í hlutverkum foreldranna voru svona samnorraenir ábyrgðarfullir foreldrar en Jakob átti einnig skemmtilegan sprett í hlutverki Finna þjófs. Þar fór saman góður samleikur hans og Ladda, sem töfrar fram úr þússi sínu enn einn karakterinn.

Nokkuð mæðir á börnum og unglingum í þessari sýningu og ljóst að Óskari hefur tekist að laða fram góðan leik hjá öllum, að maður tali nú ekki um svona stóran bónus á borð við dans og breiktilþríf hjá Ragnhildi Steinunni og Leifi. Ármundur Ernst Björnsson er hreint frábær sem unglingspilturinn Bobbi og vinir Bróa litla; Edda Margrét og Rafn Kumar, virkuðu bæði mjög yfirveguð.

Sigurbjörn Ari Sigurbjörnsson leikur Bróa litla, strák sem þráir það heitast í lífinu að eignast hund. Mitt í raunum sínum hittir hann þennan skrítna Kalla og tekst með þeim sérstök vinátta. Drengurinn lék afskaplega vel og skilaði vel tilfinningum og geðbrigðum. Textameðferð hans var í stakasta lagi og svo söng hann eins og engill.

Sveppi var Kalli á þakinu og fullur salur af börnum tók honum opnum örmum og víst er að þau eiga eftir að elska hann.

Eini ljóðurinn á þessari annars fjörugu og skemmtilegu sýningu var sönglöggin. Þau voru fremur slök og tóntegundir voru yfirleitt allt of lágar fyrir þá sem þurftu að syngja. Að öðru leyti stingur Óskar hér enn einni skrautfjöður í hattinn sinn. Hann veit hvernig á að skemmta fólki.

Lífeyrissjóður lækna

ársfundur 2005

Ársfundur Lífeyrissjóðs lækna verður haldinn þriðjudaginn 26. apríl kl. 17.15 á Grand Hótel Reykjavík.

Að fundi loknum verður boðið upp á léttan kvöldverð.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Stjórn sjóðsins

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2004.
3. Skýrsla um tryggingafræðilega úttekt.
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
5. Ákvörðun um laun stjórnar.
6. Tillaga um breytingu á samþykktum
6. Önnur mál. *Kynning á tillögum um sameiningu Lífeyrissjóðs lækna og Almenna lífeyrissjóðsins.*

Upplýsingar um tillögu um breytingar á samþykktum sjóðsins eru á heimasíðu sjóðsins, www.llaekna.is.



LÍFEYRISSJÓÐUR LÆKNA

Rekstraraðili: Íslandsbanki – Eignastýring
Kirkjusandi, 155 Reykjavík, sími 440 4960, ll@llaekna.is, www.llaekna.is

26. APRÍL 2005

ALÞJÓÐLEGUR DAGUR HUGVERKARÉTTAR

Í tilefni af alþjóðlegum degi hugverkaréttar, 26. apríl n.k., býður Einkaleyfastofan til eftirfarandi kynninga. Fyrirlestrarir verða í húsnæði Einkaleyfastofunnar að Skúlagötu 63, Reykjavík, frá kl. 13 til 15. Allir velkomnir!

- Hugverkaréttur og alþýðuhefðir – *Valdimar Hafstein*
- Brot á hugverkarétti – *Borghildur Erlingsdóttir*
Ný tilskipun Evrópusambandsins um fullnustu hugverkaréttinda
- Hagnýtar hugmyndir barna – *Paul Jóhannsson*
- Takmörkun á einkaleyfisvernd lyfja – *Lilja Aðalsteinsdóttir*
Breyting á lögum um einkaleyfi vegna innleiðingar svonefnds *Bolar*-ákvæðis hér á landi



ELS

EINKALEYFASTOFAN

SKÚLAGATA 63 • 150 REYKJAVÍK • SÍMI 580 9400 • FAX 580 9401



PALATS SPORTU Smokkum verður dreift í höllinni þar sem Eurovision-keppnin verður haldin.

Ókeypissmokkum dreift

Samtök Rauða krossins í Úkraínu ætla að dreifa ókeypis smokkum vikuna sem Eurovision-söngvakeppnin verður haldin í höfuðborginni Kiev í næsta mánuði.

Meðal annars verður smokkun-

um dreift í Palats Sportu-höllinni þar sem keppnin verður haldin. Smokkadreifingin er hluti af átaki Rauða krossins gegn útbreiðslu HIV-veirunnar í Úkraínu. Munu sjálfboðaliðar ganga um í bolum þar sem varað er við smithættu. ■

Á KASSANUM
Með Illuga Jökulssyni
alla virka daga kl. 18.



Talstöðin
FM 90,9


Kl. 20.00

Kvikmyndin *El Angel Exterminator* eða *Engill dauðans* verður sýnd í Bæjarbíói í Hafnarfirði á vegum Kvikmyndasafns Íslands í kvöld. Myndina gerði Luis Bunuel í Mexíkó árið 1962 og telst hún vera ein af hans bestu myndum.

menning

menning@frettabladid.is

Öllum boðið í leikhús

Stoppleikhúsið hefur í vetur sýnt leikverkið Hrafnkels sögu Freysgoða, sem eins og nafnið bendir til er byggt á samnefndri Íslendingasögu. Í kvöld er gestum og gangandi boðið að sjá leiksýninguna sér að kostnaðarlausu í Tjarnarbíói klukkan 20. Þetta er 60. sýning Stoppleiksins á leikritinu og verður væntanlega jafnframt sú síðasta. Sýningarlengd er 45 mínútur. Leikritið var frumsýnt 1. október síðastliðinn og hefur síðan verið á faraldsfæti um landið þvert og endilangt. Leikhópurinn hefur aðallega sýnt verkið í grunn- og framhaldsskólum en lítið hefur verið um almennar sýningar á verkinu. Hrafnkels saga Freysgoða, gjarnan nefnd Hrafnkatla, er í hópi þekktustu Íslendingasagna. Þar segir frá rás atburða sem hefst á því að Hrafnkell Freysgoði drepur Einar Þorbjarnarson smalamann fyrir þá sök að riða



hestinum Freyfaxa í leyfisleysi. Leikarar í sýningunni eru Eggert Kaaber og Sigurbór Albert Heimisson, en höfundur leikgerðar og leikstjóri er Valgeir Skagfjörð. Leikmynd og búningar: Vignir Jóhannsson.

EKKI MISSA AF...

